134. Hvad er þad Illa sem i Pridia Bodordenu er bannad?

Ad vier foroktum, edur vanrækium Guds Ord, edur latum verdslega Hlute hindra oss, i vorum Gudræknes efnum.

135. Hver vanræker Guds Ord?

Sa sem ann sannra Naudsynia, situr heima og fer ege til Kyrkiu ea tilsettum Timum.

Ebr. 10, 25. Lætum oss ege forlæta vorn Sofnud, so sem Sumra er Sidur.

136. Hver foraktar Guds Ord?

Sa sem under þess Heyrn edur Lestre, skrafar, sefur, edur fyller up sitt Hugskot med annarlegum þaunkum.

Pred. 4, 17. (5, 1.) Vakta þinn Fot nær þu gengur til Guds Huss, og kom so þu kunner ad heyra. Þad er betra en Fæviis Manns Offur.

137. Hvar med vanhelgar madur Hvijldar-Dagenn?

Med lijkamlegu naudsynialausu Erfide, samuleides syndsamlegum Skiemtunum, so sem Danse, Spilum, Gledeleikum, ad ganga i Dryckiuhus, og odru soddann, sem alltijd er Synd i sialfu sier, en ea Helgedogum tvofolld Synd.

138. Eru þa engenn utvortes Verk leyfeleg ea Sunnudøgum?

Ju, sonn Naudsynia-verk, sem ege mega undandragast, og Kiærleiks Verk, sem ætijd ea ad giora. Sia Luc. 14, 5. Matth. 12, 7.

139. Er

139. Er þad þar ecke nog til Sabbaths-Dagsens Helgunar, ad madur gaange Idiulaus?

Nei, madur ar i þess stad, þvi framar ad astunda, ad hafa Hiartans umgengne (og vidhøndlan) vid GUd, og kunne so hvijld Likamans ad adstoda til Saalarennar Ervides.

140. Þurfum vier þar vid þessa Hvijlldar Dags i hverre viku?

Vor egen Saalar Þreinging avijsar oss þar storn Naudsyn, sem vier høfum til þetrar andlegu Hvijldar, og samegenlegrar Uppbiggingar.

Su aunnur Tablann.

141. Hvad er I Stuttu Maale Inneballd annar ar Bodorda Teblunnar?

Kiærleikurenn til sialfra vor og vors Nauunga.

Matth. 22, 39. Elska skalltu Nauunga þinn sem sialfann þig.

142. Er þad þar rett ad elska sialfann sig?

Jar, enn ecke i oskickanlegann og syndsamlegann mata, þvi þar er sialfs elskann Orsok til alls Ills.

143. I hverju er innefalen su syndsamlega og oskickanlega Sialfs-Elska?

Þegar Madur leitar þess sem honum þyker horfa til sijns egen Gagns, sinnar Virdingar edur Skemtunar, med soddan hætte sem

strijder

ſtrijder a mote Gilds Vilia, og hirder ecke neitt um Naungans Kiærleika.

144. Hvar er innefalenn ſu ſtickanlega og Syndlauſa Siaalfs-Elſka?

I peirre Epterlaungun ſem af Gude er inn-plontud til ad ebla ſijna egenn Velferd, og Saalu hialp hina ſonnu.

145. Hvad er pad pa ſem pu catt meſt ad hirda um og hafa umbiggiu fyrer ad ebla og ſtirkia til Saaluhialpar?

Saalenn er pad, ſem er ſa Ipparlegre og Odaudlege partur Mannſens.

Matth. 16, 26. Hvad ſtodar pad Manneñ po hann vinne allan Heimenn, en fenge Tion a ſinne Saalu.

146. Maa eg pa lika bera um byggiu fyrer Likamanum?

Ja, i rett ſtickanlegann maata, og ſo ſem hann parf med naudſynlega.

Eph. 5, 29. Alldrege hefur nockur ſitt eged holld hatad, heldur nærer hann pad og foſtrar.

147. A pa holdded ege ad kroſefeſtaſt?

Ju, viſſulega, pvi annars ſtrijder pad i mote ſalunne, med pvi Syndenn byr lijka i Holldenu og nefneſt Holld.

1 Cor. 9, 27. Eg tem minn Likama og piine hann.

Col. 3, 5. So deyded nu ydar Lima ſem a Jordu eru.

Rom. 13, 14. Ræked Hollded, po ſo pad fremie lecke ſijnar Gyrnder.

148. Hvad

148. Hvad kenner mier hin ſinnur Tablann um
Pad ſem œbrærer minn Nœunga?

Pad, ad eg œi ad vera vid hann ſo ſinnadur, og haga mier ſo vid hann, ſo ſem mier er fremſt mogulegt, eins og eg villde mier af honum kioſa.

Matth. 7, 12. Allt hvad þier villed Mennerner giœre ydur, þad ſkulud þier og þeim giœra, þad er Logmœled og Spœmennerner.

149. Hvernen get eg þœa funded efter þeſſare Reglu, hvad rett er edur raangt i Umgengne vid minn Nœunga?

Nær eg ſet mig ſiœlfann i Stad minns Nœunga, og yferveg, hvert eg villde hann ſlœe mig, bolvade mier, ſvike mig, ſtœle frœa mier, edur baktalade mig, og med þvi min Elſka, ſem eg hefe œa ſiœlfum mier, vill þettœ ecke lijda, þœa er hun mier ein Regla um Elſkuna til minns Nœunga, og ſyner einnen hvad gott eg œi honum ad giora i Stadenn þeſs vonda.

150. Hver er þœa minn Nœunge?

Aller Menn, hvert ſem þeir eru meyre hœttœr edur minne, Chriſtner edur Heidner, Vonder edur Goder, Viner edur Ovviner, ſierdeiles þeir ſem vier vitum ad i naud eru ſtadder og kunnum ad hiœlpa.

Poſt. G. B. 17, 26. Allar Mannanna Œtt-kvijſler bua œi Jordunne af einu Blode. Luc. 10, 29.

151. Er

151. Er þad engen Mismunur, edur hærra edur lægra i Elsku þeirre sem Madur ad hafa til Naunga sins?

Ad vissu, því þess meir og framar sem minn Naunge er mier vandabundenn, annad-hvert i lijkamlegann matta, ad Skyldugleika, Mægdum, Vinattu, Nagrenne, og Velgiordum, edur uppa Andlega vissu vegna samegenlegra Truarbragda, Vonar, Kiærleika og alvorugefnes, i því, ad leita Guds Rijkes, þess nakvæmlegar er eg skyldugur ad audsyna þvilikum Kiærleika framar en Odrum.

Gal. 6, 10. Fyrst vier hofum en Tijdena, þad gjorum gott hverium Manne, Einna mest þeim sem eru Truarennar Heimkynne.

152. Er eg þad skyldugur ad elska lika ovin minn sem sialfann mig?

Jad.

Matth. 5, 44. Elsked þier ovine ydar, blessed þa er ydur Bølva, gjored þeim gott er ydur hata, og Bidied fyrer þeim er ydur sada og offokn veita, so ad þier seud Born Fodur ydar, þess a Himnum er.

153. Ma eg þa ecke hata þann ogudlega?

Nei, eg a ad lata mier umhugad vera um hans Gagn, lijka sem nockurs annars. En gieta ber ad sialfum mier, ad eg ege samhylle Synd hans, og elska mest hans Sælu, og ala Onn fyrer henne.

154. Er

154. Er þad nog ad vier med Ordum og at-
Vikum audsynum oss vingiarnlega
vid vorn Næunga?

Nei, þad a endelega einnen advera i Verke og Sannleika.

1 Joh. 3, 18. Elskum ege med Orde og Tungu, heldur med Verke og Sannleika.

155. Hvers vegna egum vier ad elska vorn
Næunga?

Guds vegna, þvi þad kenner hann oss med sijnu Orde og Epterdæme.

1 Joh. 4, 11. Þier Astsamlegger, first þad Gud hefur oss so elskad, þa skulum vier einnig elska oss Jnbyrdes.

156. Hvar verdur mier framveges utmaladur
Kiærleikenn til Nungans?

Jþeim sio seinne Bodordunum sem hlijda til annare Toblunne.

157. Hvert er þad first Bodord a annare
Tøblunne?

Þad fiorda.

158. Hvernen hliodar Fiorda Bodord?

Heidra skalltu þinn Fodur og þijna Modur, so þier mege vegna vel, og þu verder langlijfur a Jordunne.

Þad er:

Vier egum ad ottast og elska Gud: ad vier ege fyrerlijtum vora Forelldra, ne neina þa sem yfer oss eru bodner, ege þar til Reide reitum, heldur þar i Heidre hofum, þionum

þeim

þeim og hlijdner seum, elskum þau og virding veitum.

159. Hvad er oss skipad i fiorda Bodordenu?

Ad hafa vora Forelldra i Heidre, þiona þeim, hlijda þeim, og virda þau.

160. Hvad er bannad i fiorda Bodordenu?

Ad fyrerlijta, og til Reide ad reita vora Forelldra.

161. Hverier stiliast under Nafne Fødur og Modur?

First vorer Forelldrar natturleger, þar nærst aller þeir sem i nockurn maata eru yfer oss bodner edur stiornande, so sem Yfervallds-Personur, Fiarhallds-menn, Huss-bændur, Prestar, Skolameistarar, og Þess-haattar, sem aller eru Forelldrar, hver epter sinu Stande.

162. Hvad margar eru Høfudstietternar?

Þriar sierdeiles, sem er:

1) Veralldleg Vald-Stiett. I hverre Kongureñ, Furstarner og adrar Yfervallds-Personur eru Forelldrar, en þeirra Born Undersatarner.

2) Kennedoms-Stiettenn. I hverre Prestar og Skolameistarar eru Forelldrar, en þeirra Læresveinar og Tilheyrendur Born.

3. Huss-Stiornar-Stiettenn. I hverre Fader og Moder, Hussbændur, og Huss-

mæður,

mædur, Fiarhallds-menn, Velgiordamenn, og so fromt gamallt Folk, ega ad aktast sem Forelldrar af Bornum, Barna-Bornum, Stiupbornum, Pionustufolke, Umbods-Bornum, og odrum Yngilingum.

163. Hversvegna er eitt Barn, einn Pienare, edur Læresveinn ad heidra Pessa Forelldra?

Vegna Pess, Pad er Guds Skipan, og Pienar til Peirra egenn Velferdar.

164. Hver hefur tilsett Yfervallded yfer oss?

Sialfur Gud.

Rom. 13, 1. Par er ege nockur Valld-Stiorn utan af Gude.

165. Erum vier Pa Gudsvegna skylldugir ad hlijda lijka og so einu ogudlegu Yfervallde.

Jea, Pad var heided Yfervalld sem St. Petur villde, ad Peir sem lifdu i Peirre fyrstu Christne, skylldu hlijdner vera, Pa hann sagde:

Vered undergefner allre mannlegre Skickan, fyrer Herrans Saker. 1 Pet. 2, 13.

166. Hvernen ega Undersætarner adhegda sier vid sijn Yfervøld?

1) Ega Peir viliuglega ad hlijda Peim.

Rom. 13, 5. Vered nu af Naudsyn undergefner, ege alleinasta Hirtingarennar vegna, Helldur og Lika einnen fyrer Samvitskunnar Saker.

2) Heidra Pau.

Rom. 13, 7. Gefid Peim Heidur sem Heidur beyrer.

3) Bi-

3) Bidia fyrer Peim.

1 Tim. 2, 1. So áminne eg nu, ad menn umfram alla Hlute, giøre Bøner, Bæner, Fyrerbeidslur og Packargiørder fyrer øllum Mønnum, fyrer Kongum og øllu Øfervallde, uppai ad vier mættum hafa spakt og rosamlegt Lijferne i allre Gudrækne og Siðsemd.

4) Skulu peir Greiduglega giallda peim, Skatt, Tolla, og Tiunder.

Matth. 22, 21. Gefed þa Keisaranum hvad Keisarans er, og Gude sem Guds er.

167. Eru þa Tollsvik og Þessháttar aforattur stor Synd?

Jar, vijst.

Rom. 13 6. 7. Þar fyrer skulud þier og Skatt giallda, þviad þeir eru Guds Þienarar, sem slikar Verndaner skulu stirkia, Þvi gefed hvørium sem þier skylduger erud, þeim Skatt sem Skattur heyrer, þeim Toll er Tollur heyrer, þeim otta er otte heyrer, þeim Heidur sem Heidur heyrer.

163. Ma Madur alldregi vera Øfervalldenu ohlidinn, edur forsoma þess Skipan?

Alldrege, nema befalad se þad sem er openber Synd, a mote Gods Bodordum. Þvi þa hæfer ad madur framar hlijde Gude en Mønnum. Post. G. B. 5, 29.

169. Hvad er Øfervallds sens Skylda vid Undersatana?

Ad elska þa, leita peirra tijmannlegrar og Eylijfar Velferdar, hallda vid Fride, og godu Skicke, med þvi ad straffa þad Vonda, en launa þad Goda. Rom.

Rom. 13, 4. Valldstiornenn er Guds Pienare Pier til Goda, en ef Pu giorer hvad Vondt er, þa mattu ottast, þviad hun ber ege Sverded forgefens.

170. Af hverium eru Lærefedur og Predikarar tilsetter?

Af Gude.

2 Cor. 5, 20. So erum vier nu Sende-Bodar i Christi stad, þvi ad Gud aminner fyrer oss.

171. Ega Tilheyrendurner ad hlijda aminningum Peirra Sælusorgara?

Ja vissulega.

Ebr. 13, 17. Hlijded ydrum Kennefedrum og filged þeim, þviad þeir vaka yfer ydrum Sælum, lika sem þeir ed Reikningskap þar fyrer giora skulu, so ad þeir giore þad med Glede, en ecke med Andvarpan, þviad þad er ydur ecke gott.

172. Ega Menn og ad hlijda einum ogudlegum Kenne-Fedur og breita efter Hanum?

Ecke ma ad breita epter hans Verkum, heldur hans Kenningu hlijda, so framt sem hann vijkur ege fra Rituingarennar Sannleika, og ma ransaka þad, eins og giordu þeir sem biuggu i Berrohen.

Post. G. B. 17, 11. 1 Joh. 4, 1.

Og þar ad heima þad sem Christur seger.

Matth. 23, 2. 3. ad Mosis Stole sitia Skriftlærder og Pharisæi, allt hvad þeir segia ydur þier skulud halda, þad halded og giored, en epter þeirra Verkum skulud þier ege giora, þviad þeir segia þad og giora ege.

173. Um hvad eru Tilheyrendurner Peirra Kennefedrum Skyllduger?

Ad

Ad elska þaa, hlijda, endurgialda, og bidia þeim Gods, og Virda þaa.

Gal. 6, 6. Sa er Fræddur verdur med Ordenn, hann bijte honum allshcattudum giædum, sem hann upfræder.

174. Hvad er eins Kennefødur Skylida vid sijna Tilheyrendur?

Ad kenna þeim, aminna og straffa þaa, af einu godfusu, hogværu og umhyggiufullu Hiarta, Somuleides, Iduglega ad bidia fyrer þeim, og gaanga undan þeim med godum Epterdæmum, og hugga þaa.

1 Pet. 5, 23. 1 Cor. 4, 16. 1 Tor. 11, 1.

2 Tim. 4, 2. Predika Þu Ordeð, hallt ad, hvert þad skedur i Hagl:gann Tijma, eda ohaglegann, Straffa, Ogna, aminn med allre Polenmæde og Kenningu.

175. Er einn Prestur ecke settur til ad hugga alla Menn?

Nei, ecke utan þaa sann=Idrande: þeim sem lifa i andvaraleyse er huggunenn ein Sakarennar Forgipt.

Ezech. 3, 9. Nær eg sege til hins Ogudlega, þu skallt dauda deya, og Þu varar hann ege vid, Þaa mun hinn Ogudlege deya fyrer sinna Sinda saker, en hans Blods mun eg kresia af Þinne Hende.

176. Hverjer eru þeir fólsku Spaamenn, aa medal kennefedranna, sem menn ega advakta sig fyrer?

Nærst-morgum odrum er ege verda tallder, eru sierdeiles, epter Frelsarans Ordum, þeir sem

sem giora breidann þann Veg sem leider til Himens, og draga so Saalernar a taalar med Von Saaluhialparennar þar til þær vakna i Helvijte.

Matth. 7, 14. 15. Það Port er þraungt, og sa Vegur er mior, sem til lifsens leider, og Þeir eru faaer, er hann rata, vakted ydur fyrer Fals Spamønnum, sem til ydar koma i Klædum Saudanna, en Innan til eru Þeir glepsande Ulfar, af Avøxtum Þeirra meged Þier þa kenna.

Es. 3, 12. Folk mitt, Þiner Huggunarmen villa þig.

177. Hvad er Þeirra naatturlegu Forelldra og fiarhalldsmanna Skyllda vid þa Ungu?

Ad bidia fyrer þeim, og bera Umsorgun fyrer þeirra tijmanlegre, andlegre, og Eylijfre Velferd.

Eph. 6, 4. Þier Fedur skulud ege egna ydar Børn til Reide, helldur, aled þau up i Aga og Umvøndun til Drottens.

178. Hvad ega Forelldrarner þa ad giøra vid oblidenn Børn?

Þeir skulu straffa þau skinsamlega og godfuslega, ecke til Uppertingar, helldur til Betrunar.

Orskv. 13, 24. Hver hann sparar sinn Vønd hann hatar sinn Son, en hver a hønum hefur ast, agar hann fliott.

179. Straffar þa Gud Forelldrana sem lata Børnenn vera sialfraad?

Jar, það siaum vier af Epterdæme Eli. 1 Sam. 2, 32.

180. Kañ madur og so ad straffa Børneñ um of?
Jea.
Eph. 6, 4. Þier Fedur skulud ege egna ydar Børn til Reide.
181. Hvad er Barnanna skylldu vid Forelldrana?
Ad heidra þau og elska, þiona heim og hlijda, med Hiarta, Ordum, Atvikum (Vidmote) og Verkum, lijka en þau, þegar Børnenn eru Ordenn mindug, skinsom, rijk, og æalitleg; somuleides og ad bidia fyrer þeim.
Sir. 3, 10. Heidra Fødur og Modur med Giørdum, Ordum og Poleumæde, so ad Þeirra Bleſſan yfer þig kome.
V. 14. Kiæra Barn, annast þu þinn Fedur i sinne Elle, og stygg hann ege so lenge hann lifer.
V. 18. Hver sinn Fødur fyrerlætur sea verdur Smædur (er sem einn Gudlastare) og hver hann sina Modur Stygger, saa er Bølvadur af Drottne.
182. Maa eitt Barn lika vel gipta sig utan Vilia og Samþyckes sinna Forelldra?
Ney, þvi þad er ad giora þeim stort Angur.
183. Ega menn ad hlidnast Forelldrunum i Illu og Syndsamlegu?
Nei.
Matth. 10, 37. Hver hann elskar Fødur og Modur meyr en mig, sa er min ege verdugur.
184. Hvad er Husbondans og Matmodurennar Skylldu vid Þeirra Þionustufolk?
1.) Ad gefa þeim þeirra tilheyrelega Fædu og Laun i rettann Tijma.

3. B. Mos. 19, 13. Lattu ecke daglauna Mannsins verk kaup vera hia þier allt til Morguns.

2. Ætijra heim og stiorna med godfuslegre Polennmæde.

Eph. 6, 9. Og þier Drottnar, giored Einnig þetta hid sama vid þa, og latted af Ognunum, og viteð Einnen, þad ydar Drottenn er a Himnum, og þad hia honum er eckert Manngreinar alit.

3.) Ad lata sier vera umhugad um þeirra lijkamlega Naudsyn, sierdeiles þa þeir eru veiker, sem og eins lijka um þad heim er andlega naudsynlegt, ad þeir upfræde, aminne, og bidie fyrer þvi, so sem gierde Hofudsmadurenn fra Capernaum, Matth. 8, 6. 1 Mos. 18, 19.

185. Hvad er Pionustufolks skylda vid þess Husbœndur og Mat mædur?

Þad a ad elska þau, heidra og hlijda þeim, og leita þeirra Gagnsmuna i ollum hlutum, vera Jded og trutt, hvert sem þeir eru nær eda fiær, og bidia lijka kostgiæfelega fyrer þeim.

Eph. 6, 5-8. Þier Pionustumenn verid hlijduger ydrum likamlegum Drottnum med Otta og Skelfingu, I Einfallleik ydvars Hiarta, so sem Christo, ege alleinasta med Pionustu fyrer augunum, Mønnunum til þocknunar, heldur so sem Pionar Christi, þad þier giored Penunn Guds Vilia af Hiarta med godum Vilia, latted ydur þykia, so sem þier þioned Drottne, og ege mønnunum, og vited, ad hvad sem hver einn gierer gott, þad mun hann af Drottne me[illegible]ka, hvert hann er þræll eda Frelsinge.

186. En ef Husbondenn er undarlega lyndur og baagt ad forlikast vid hann?

Paa aa Christelegur Penare ad Jdka Polennmædena.

1 Petr. 2, 18. 19. Pier Pionustumenn, vered Herrunum undergefner med allre Ottaseme, ege alleinasta Godum og Spakferdugum, helldur einnen Peim Sierlundudu, Pvi Pad er Naad ef nockur fyrer Samvitskunnar Saker til Guds Poler hid Illa og lijdur hid Oretta.

187. Maa Pionustufolk vera so hlijded, ad Pad laate bruka sig til syndsamlegra Verka?

Ney, enganuvegenn, Pvi hatt er Herrabod, enn hærra er Guds Bod.

Post. G. B. 5, 29. Framar ber ad hlijda Gude en Monnunum.

188. Hverju lofar Gud Peim Børnum og Penurum, sem eru hlijdenn, og halda fiorda Bodorded?

Ad Peim skule vegna vel, og Pau lifa lenge aa Jordunne.

189. Gefur Paa Gud ollum fromum mønnum laangt Liif og Farsællt?

Jaa, siaae hann Pad Pena til Peirra Saluhialpar, annars ecke.

190. Pvi lætur hann ogudlega Paa og so opt verda gamla?

Af Pvi hann vill unna Peim hess lengre Tijma og Tækefæres til Umvendunar.

191. Straffar Gud Paa Barnanna Ohlijdne, eins og hann launar Peirra hlijdne vid Foreldrana?

Jaa,

Jaa, par upaa hofum vier merkelegt Dæme aa Absalon, Davids þverbrotnum Syne (2 Sam. 18, 9-15.) Sem heck aa Hærenu, i Eikene, gegnumstungenn med þremur Spiotum.

Það Fimta Bodord.

Þu skallt ecke Mann deyda.

Það er:

Vier egum ad ottast og elska Gud, ad vier ege meidum Hollð vors Næunga, edur giorum honum Mein i nockru, helldur egum vier honum ad biarga og vidhialpa, i ollum hans Lijfs Naudsynium.

192. Hvad Illt er bannad i þessu Bodorde hinu fimta?

Allskins Mord og Manndrap, sem ege skedur epter Yfervalldsens Dome og Skipan, helldur afegenn Hefndargyrne.

193. Hvad margslags er Morded, edur Manndræped?

Tvennslags, sem er first það storkostlega (som miked ber aa) sem skedur med gioranlegum Verknade, og það annad sem minna ber aa, edur það kiænlegra, sem skedur med Hatre Hiartans, Ordum, Munnsens og Andlitsens Vidurlite (Hættalage.)

194. Hvernen deyder madur sinn Næunga med Verkenu?

1.) Annadhvert i einu, med Hogge, Stijng, Skote, Citre, og þvilijku.

1.B.Mos.9,6. Hver sem utheller Mannsins Blode, hans Blod skal og so uthellast fyr er Manneun.

Ellegar þad getur og sked.

2.) Med lauugum Tildrætte, og leyneleg med þvi, ad koma Nærunganum i stort Hiartans Angur, edur fyrra hann sinne Næring.

Sir.35,26.27. Hver hann tekur frá ødrum hans Næring, hann drepur sinn Nærunga: hver hann gefur ege Erfidis Mannenum sin Laun, sá er Blodhundur.

195. Nu ef madur svipter ege Nærungann lifsenu, getur hann þá deydt hann med Hatursfullu Hiarta og Illyrdum?

Jú, þad kennir JEsus, Matth. 5,21.22. Þar hann utleggur, hvernen þetta Bodord ca andlega adskiliast (segiande.)

Þier hafed heyrt ad sagt er til hinna Gomlu, þu skallt ege Mann vega, en hver ed Mann vegur, hann verdur Doms sekur. En eg sege ydur, hver hann er Reidur Brodur sinum, hann verdur Doms sekur, en hver sem til Brodur sins seger, Racha, hann verdur Raads sekur, en hver ed seger þu Afglape, hann verdur sekur Helvijtes Ellds.

196. Er þá ein Haturs full og Hefndar giørn Manneskia einn Mordinge?

Jú vissulega, þvi GUD alijtur Hiartad framar en Hendena.

1 Joh. 3,15. Hver sinn Brodur hatar, sá er Manndrapare, og þier vited ad Manndrapareun hefur ege Eylift Lif hiá sier blifanda.

197. Er

197. Er einn Ordhakur sem frameys Grimum og hduglegum Sarryrdum, og so ein Mordinge?

Jaa, JEsus kallar pad Synd, sem forpenar Helvijtes Eld, og David seger.

Psal. 64, 4. Peir hvetia sina Tungu sem Sverd, peir eb med sinum Eitrudum Ordum so skiota til Hæfes sem med Pijlum.

198. Er pa Grimd, beiptrækne, og Illbud, so hættuleg Synd?

O ja, hvar sem hun hefur yferhond, bar er ege Naadarennar Ande, ne blijdlynde JEsu.

Eph. 4, 31. 32. Allur Beiskleike og Grimd, Reide, Hropan og Lastan, se laungt fra yður, samt allre Illsku. En vered Inbyrdes hver vid annan vingiarnleger og assudleger, og fyrergefed hver odrum, lika so sem ad Gud hefur fyrergeted yder i Christo.

199. Hvad skal pa eim Heiptargiarn taka til raada, til ad hafa i taume og dempa med sitt Heiptarged?

Hann skal utbrynia sig med Blijdlynde JEsu, taka vara a hverre sinne Hugsun, bidia ad hann falle ecke i freistne, og sialfur taka sier vara fyrer tilefne til Freistingarennar.

200. Er pa alt tles Engenn Reide leifeleg?

Engenn Reide vid Personurnar, en reidast mat vid Synd og Vondsku, og su Rettferduga Reide kallast Vandlæ-

ting og kemur af Elsku til Guds og Naungans.

Jac. 1, 19. 20. Psalm. 119, 39. Eph. 4, 26.

201. Kann madur og so ad deyda sinn Naunga ad Saalunne til?

Jæ, med þvi ad leida hann i Villu, og med þvi ad hneixla hann.

Matth. 18, 6. Hver hann hneixlar Ein af þessum enu Smaau, sem a mig trua, þarfara være honum ad Milnusteinn hengest um Hals honum og være i Sio sockur þar hann er diupastur.

202. Maa madur taka lifed af sialfum sier?

Nei, þad er ad drepa lijkama og saal i einulage, og aptur læsa dyrum Naadarennar, so sem Judas, sa fordjerfunar Sonur giorde.

203. Hvad er þad Goda sem oss verdur befalad i fimta Bodorde?

1.) Ad Biarga og hialpa vid vorum Naunga i ollum hans Lijfs-hæskasemdum.

1 Joh. 3, 17. Nær neckur hefur þessarar Veralldar Audæfe, og ser sinn Brodur Naud lijda, og lykur sitt Hiarta til fyrer honum, hvernen blijfur Guds Kiærleike hia honum.

2.) Ad umgangast vinsamlega og med Hogværd vid vorn Naunga.

Matth. 5, 5. Sæler eru Hogværer, þvi þeir munu Jardrijkid erfa.

3.) Ad bera Umhyggiu fyrer Saal vors Naunga, þar vier siæum henne Hætt vid

Eylij-

Eylijfum Dauda, ad so miklu leite, sem vier, so sem andleger Kennemenn kunnum ad stirkia hana til Saaluhiaalpar, med godfusum Vidvorunum og Aminningum.

Jac. 5,19.20. Kiærer Brædur, Ef ad nockur ca Medal ydar Villest fraa Sannleikanum, og umsnijr hønum Einhver, saa skal vita pad, ad hver ed Syndaranum umsnijr I fraa vil'u hans Vegar hefur frelsad Eina Önd fraa Dauda, og mun nidre byrgia Fiolda Syndanna.

204. Hver var sa fyrste Mordinge?

Cain, er slo sijn Brodur Abel i hel af Ofund.

205. Er og Synd ad vera miskunarlaus vid Medallausar Skepnur?

Jaa.

Ordskb. 12,10. Hinn Rettlaate aumkvar sig yfer sinum Fenade, En Hiarta Ogudrækens Manns er Omiskunsamt.

Pad Siøtta Bodord

Pu skallt ecke Hordom drijgia.

Pad er:

Vier egum ad ottast og elska Gud: ad vier lifum hreinferduglega, bæde i Ordum og Verkum, og hver einn elske og i Heidre hafe sijna Eckta-Personu.

206. Hvad er Hiuskapur?

Su Eldsta Stiett og Stand, af sialfum Gude insett i Paradijs, sem vilde, ad Madur og Kvinna skylldu eitt holld vera.

207. Er Pesse Stiett Paa ecke syndsamleg og saurug?

Það er hún ecke, þegar í henne er lifað ecke nema epter Guds Orde og Vilia.

Ebr. 13, 4. Hiuskapurinn skal heidurlegur hallenn vera hiá ollum, og Hionabands Sængenn osleckud.

208. Til hvers hefur Gud insett Hionabanded?

1.) Til Mannkinsens friofgunar.

1 B. Mos. 1, 28. Aukest þid og margfallded sk, og upfylled Jordena.

2.) Til ad aptra Illum Girndum.

1 Cor. 7, 2. Fyrer Frillulifnadar Saker, þá hafe hver Einn sijna Egin Konu, og hver Ein hafe sinn Eginn Mann.

3.) Til indbyrdes Adstodar, Huggunar og Radaneytes.

1 B. Mos. 2, 18. Og Drotten Gud sagde, það er ecke gott, ad Madurinn se Einnsaman, Eg vil gióra hönum Eina Medhiælp, þá sem vera má hiá hönum.

209. Hvernen á einn Ecktamadur ad hegdasier vid sina Eckta Kvinnu?

Hann á trulega ad elska hana, virda, stiórna, og ala onn fyrer henne, so og, ad umbera hennar Breiskleika med Polenmæde, bidia fyrer henne, og leita hennar Sáalar-Velferdar.

Col. 3, 19. Þier Menn, Elsked ydar Eginkonur, og vered ecke Beisklundader vid þær. 1 Cor. 7, 16.

210. Hvernen á ein eckta Kvinna ad hegdasier vid sinn egenn Mann?

Hun á ad vera honum undergefenn í

Kiær-

Kiærleika, Truskap, og Umhyggiu fyrer Hussbondanenne, bidia fyrer honum, og leita hans Saalar Velferdar.

1 B. Mos. 3, 16. Þinn Vilie skal vera þinum Manne undergefinn, og hann skal vera þinn Herra.

1 Cor. 7, 34. Su sem gipt er, su ber Ahyggiu um það, hvad Heimsins er, og hvernen hun mege Manenum þocknast. 1 Cor. 7, 16. 1 Pet. 3, 1.

211. Hvad er fromra Eckna og Fodurlausra Huggun?

Ad sa Himneske Faderenn hefur sierdeiles Naadarrika Umhyggiu fyrer þeim og forsvarar þær.

Ps 68. 6. Drottenn er Faber Fodurlausra og Domare Ecknanna. Sia framar 2 Mos. 22, 22, 24. 5 Mos. 27, 19. Syr. 35, 14 15.

212. Hvad er fromra Eckna Skylda?

Þær ega ad lifa i Sidsemd og Gudræckne.

1 Tim. 5, 5. 6. Það er Sannarleg Eckia, sem Einsomul er, og sina Von setur upa Gud, og studnæmest i Bænum og aakalle Dag og Nott. En hun sem i Bijlifse lifer, er lifande Daud.

213. Hvad er það vonda sem oss verdur bannad i Siotta Bodorde?

Hordomur, Saurlifnadur, Blodskomm, bestialegur Loste, Lijkamans Saurgun, Egteskaparens Foragt, Gyrnd til annarlegs frijdleika, og allrahanda Saurugleike i Hugsunum, Ordum, Vidmote og Verkum, bæde Egtaskapnum og fyrer utan hann.

214. Hvad er hugsananna Hordomur?

Saurugar og lauslætar Gyrnder, hveriar ege eru huldar fyrer Gude, þvi hann þecker Hiartad.

Matth. 5, 28. Eg sege ydur, ad hver hann lijtur Konu, til ad gyrnast hennar, sa hefur þegar drijgt Hor med henne i sinu Hiarta.

215. Hvad er Hordumur i Ordunum?

Allt svijvirdelegt og bligdunarlaust Klaamtal, Lauslætis-Skrift, vijsur, og Kvedlingar, Gickshættur og Narrarij, sem horfer til Lauslætes edur strijder hid mindsta ad mote Rettchristenne Alvorugefne, (og rogsamlegu Skicke.)

Eph. 4, 29. Lated Enga Vonda Rædu framfara af ydrum Munne.

Eph. 5, 3. 4. 5. Fridlulijse og allann Ohreinleik edur agyrne, Lated ege um ydur segiast, so sem Heilsgum hæfer, Ne Skammarleg Ord og Fidlegt Hial, eda Reskne, hvad ydur heyrer ecke, helldur miklu framar þackargiord; þvi þad skulud þier vita, þad engenn Fridlulijfes madur, edur ohreinn, eda ægiarn (hver ad er Skurgoda Dyrdkare) hefur Arftoku i Rike CHristi og Gudz.

216. Hvad er Hordomslegt vidmot?

Allrahanda utvortes merke, sem auglijsa þad oskammfeilna Hiarta, hvert sem helldur er augna edur Andlits bragd, Lijkamans osæmeleg opennberan, Klædadrakt osæmeleg, Lauslætis Kossar, Dansar, Vikevakar, og þesshættar.

Sir. 26, 13. 14. Se hin Dotter ecke Bliug, so halltu

halltu hana hart, so hun fremie ecke sin Mot proadann Vilia, aa medan hun er frij, Pegar pu merker pad hun litast dristuglega i kringum sig, so tak pad vel til vara, En ef pu gisrer pad ecke, og hun brytur par fyrer a mote pier, so laat pu pig pad ecke undra.

217. Eru paa lauslætes Ord og Vidmot so stor Synd?

Jaa, ege alleinasta eru pau i siaalfu sier miked osæmeleg Christnum monnum, helldur hafa pau og so miked hatskasamlegar verkaner epter sig, og pena til en paa framar ad upvekia par vondu gyrnd, par til su sama utbrijtst i Verkenu.

Jac. 1, 14. 15. Helldur freistast hver einn, nær hann tiltegest af sinne egen Gyrnd, og lockadur Verdur. Og sidan pad Girnden hefur geted, fæder hun Syndena, en nær Syndenn er fullkomnud, fæder hun Daudann.

218. Hvad gisrer pessa Synd vidbiodslega og Straffsverda framar en adrar Synder?

Ad hun saurgar og fordiarfar aasamt bæde Saal og Lijkama, sem skylldu vera Guds Mustere, en verda ad hybijlum hins ohreina Anda.

1 Cor. 6, 15-18. Viteth pier ecke, pad ydrer Lijkamer eru Christs Limer? Skyllde eg nu taka Christs Lime, og gisra par af Skiækunnar Lime? pad se fiærre. Eda viteth pier ecke, ad hver hann samlagar sig Skiækunne, ad saa er einn Lijkame med henne? Pvi pau munu (seger hann) Tvo i Einu Holde vera, En hver hann samtenger sig Drotine, saa er Ein Ande med honum. Flyed Fridlu-Lifnadenn,

Þvi ad allar Synder, hverjar Madurinn drijger, eru utan hans Lijkama, en hver ed Fridlu Lifnadenn drijger, sær syndgar vid sin eginn Lijkama.

219. Hvad er skipad i siøtta Bodordenu?

Ad geyma bæda lijkama og sæl i sonnu hreinlijfe, hvert madur er giptur edur ogiptur, so madur mege alltid vera hæfur ad umgangast med (sijnum) Gude.

Matth. 5, 8. Sæler eru Hreinhjartader, þviad þeir munu Gud sia.

220. Hvada Medøl kann madur ad bruka til ad geyma sig fyrer Saurlifnade?

Þegar andenn er reidubuenn, en holded þo veikt, a madur ad vaka og bidia, og þar næst vakta sig fyrer ollu þvi sem uptendrar þær vondu Gyrnder.

221. Hvad er þad þa sem uptendrar þær vondu holldsens Gyrnder?

Þad er sierdeiles Ohof og Drickiuskapur.

222. Er þa Ohof, og Drickiuskapur, so hæskaleg og stor Synd?

Jaa vissulega, þvi þær utelykia oss fraa Guds Rijke, eins og Hordomur, Mord, edur Þiofnadur.

Gal. 5, 19-21. Holldsins Verk eru opinber, so sem ad er, Hordomur, Fridlulifnadur, Saurlijfe, Lausung, Skurgodadijrdkan, Fiolkinge, Fiandskapur, Prattan, Kijf, Reide, Agreininaur, Tvijdrægne, Flockadrattur, Hatur, Mord, Ofdryckia, Ofaat, og þessu lijkt, utaf hverin eg hefe adur fyrre sagt, og sege en nu fyrer, þad þeir somu sem slijkt gjøra, erfa ege Guds Rijke.

Matth. 5,

Matth. 5, 34. Vared ydur, ad ydar Hiortu hyngest ecke af Ofate og Ofdryckiu, og med Sorgum þessrar Næringar.

223. Enn mun þad vera so hæskasamlegt ad drecka sig endur og stundum druckenn, þa madur legst ege daglega i þad?

Jar, þegar þad skedur af Asetninge, þar er þad altijd fordæmanleg Synd, sem alldrege maa ega heima hiar heim sem stunda epter Guds Nad og Sæluhialpenne.

224. En ef madur er so Hofudsterkur, ad hann þoler mikid, maa hann þa ecke drecka mikid?

Hverke maa madur eta ne drecka fram yfer þad sem hann þarf naudsynlega med. Siar 1 Pet. 4, 3. hvar ad gisrest Mismunur ar Ofneytslu, og Drickiuskap, og þo virdest þad firra eins og þad sijdara fyrer eina Heidinglega Synd.

225. En hvad er þad sleyra sem kann ad freista til Lauslætes?

Idiuleyse, vondur Selskapur, Efentijre, Asmors-vijsur, Bækur og Bijlæte, Lauslætesleikar, Dansar, og Vikevakar, og þad allt, af hverju kviknar Fijsn Holdsens, Fijsn Augnanna, og drambsamt Lijferne.

226. Hverier goder Þankar kunna ad vera hentugaster til ad kefia, þær Holdsens Freistingar?

Ad madur late sier koma i hug (1.) ad sa allra-heilagaste Gud er nalægur honum, og

ser

ser til hans, og (2.) Hvad stor vered hafe Kvol JEsu hins krossfesta, sem hann leid a sllum sijnum Lijkama. (3.) Hversu ognarlegar munu verda pijsler peirra fordæmdu i Helvijte, og (4.) Hversu Skammvinn ad er su skemtan sem madur hefur af peirre saurugu Synd.

Alldrege driig um æfe Hoor,
Pad Æru kreinker geinge,
Pvi Skemtun Losta i Skynde for,
Enn Skomm og Kvol finnst lenge.

227. Hver hefur so vardveitt sitt hreinlijfe fyrer allre astrijdu?

Joseph, pa hann sagde til Potiphars Kvinnu.

1 Mos. B. 39, 1. Hvernen ma eg nu ba giora so miked ohæfu Verk, og syndgast a mote Gude.

Pad Sijsunda Bodord.

Pu skallt ecke stela.

Pad er:

Vier egum ad ottast og elska Gud: ad vier ege grijpum Gots edur Peninga vors Naunga, edur med folskum Kaupeyre, edur Underhyggiu under os drogum, helldur egum vier honum ad hialpa, so hans Gots og Uphellde avaxtest og vardveitest.

228. Hvad Illt verdur bannad i Sijsunda Bodordenu?

Ad stela edur fremia Piofnad.

229.

229. Hvad er ad stela?

Pad er ad giora Naungann, at mote hans Vilia, vidskila vid nockud, (þo þad se alldrege so lijted) af hans Gotse.

230. Verdur þad giørt med sleyru en einu mote?

Jaa, annadhvert med Ofrijske, edur Velum.

231. Hver stelur med Ofrijske?

Þeir opennberu Storþiofar, sem i Engu rettenda Yferskine (aan allrar heimelldar) taka burt annars Gots, lijka sem være þad þeirra eign.

Eph. 4:28. Hver stoled hefur saa stele nu ege meir, helldur erfide og able med Hondunum nockud gott.

232. Hver stelur med Velum?

Þad giora aller þeir sem annadhvert taka Naungans Eign, edur hallda henne inne, med Kiænsku og Leynelegum hætte, sem ske kann med morgu mote, þvi hver einn Þiofur brukar sijn Slottugu Velabrøgd og Hnicke.

233. Seg mier nockra af þeim almennelegustu þiofa Hnickium?

Einn heimuglegur þiofur fyrer Heimenum, þo hann se opennber fyrer Guds Auglite, er

1.) Saa Kaupmadur, sem i Kaupum og Solum giorer orett sijnum Naaunga, soleides, ad hann ege fær fullt andvirde fyrer sitt, annadhvert þad, ad Vøranin, Viktenn, Mælerenn, edur Peningarner er minna verdt, en Naaungenn veit af, og þetta er ad elska ege Naaungann sem sialfann sig.

1 Thess.

1 Thess. 4, 6. Engen Aseilest edur take a godz fraa sinum Brodur i Høndlanenne, þviad Drottenn er hann, sem hefner alls þessa.

3 B. Mos. 19, 35. Þier skulud ecke ojafnadarlega hondla I Domum, med Alenn, med Vigt, og med Mæler, Rettar Voger, Rett Pund, og Rett Mælerskíld, og Rettar Konnur skulu vera hiaa Ydur.

2.) Sa Penare, Handverksmadur, edur Daglaunare er þiofur, sem fyrer fullann Betaling gierer ege Verkenu fullnustu, edur feller nockud undan.

2 Thess. 3, 10. Ef nockur vill ege erfida, saa skal og ecke heldur eta.

Lijka saa Husbonde, sem fyrer holla Þionustu gefur ege tilhlijdeleg Laun og Fæde.

Jacob. 5, 4. Sied, ad Launenn Verkamannanna, þeirra sem ydar Akurlond hafa upyrkt, og vered hafa af ydur Innehalldenn, þau hropa, og hausts Erkiaranna Hrop er komed til Eyrna Drottens Zebaoth.

3.) Er saa Okurkall þiofur, sem med orettvijslegre Rentu, uttsygur sinu Naaunga sem fatækt þrenger ad.

3 B. Mos. 25, 36. Þu skalt eckert Okur (af þinum Brodur) taka, og ege ofmikels af honum krefia, heldur skaltu ottast Drottinn Gud þinn, so ad þinn Broder mege lifa hiaa þier.

4.) Er saa Skulldunautur þiofur, sem getur borgad sijna skuld en vill ecke, og med Asetninge, Svikum og Undanbrogdum heldur inne hiaa sier annara Gotse.

Psal. 37, 21. Hinn Ogudhrædde tekur lann og borgar ecke.

5.) Saa

5.) Sa Domare edur annad Yfervald, er einn þiofur, sem vanbrukar sinu Mindugleika ad kuga Naungann edur tekur Mutu til þess ad halla Rettenum.

1 Ordsk. B. 7, 23. Oandlegur madur þiggur giarnan heimugleaar Giafir til ad brygia Veg-Rettarens.

6.) Er sa Undersate þiofur sem svikst um Kongsens Toll, Tijunder, og þvijlijkt.

Rom. 13, 7. Gefed þad hverium, sem þier Skylduger erud, þeim Skatt sem Skattur heyrer, þeim Toll er Tollur heyrer.

7.) Ad sijdustu eru þeir og aller þiofar, sem leitast vid ad nae sijnu uphelldi, med annara Skada, voga ofmikid uppa Luckuna, hvert þeir vinna edur tapa, ellegar Vilia forsorga sig med onytsamlegum Konstum og Naudsynialausum Hussgaungs Snijkium.

2 Thess. 3, 11. 12. Vier heyrum, þad nockrer ad medal ydar gaunga osiickanlega, og erfida eckert, þrijgiande helldur Slenskap, En slijkum bidium vier, og aminnum þa, fyrer vorn Drotten JEsum Christum, þad þeir erfiode med Spaklæte, og ete sitt eged Braud.

234. Eru aller þesser þiofar i fordæmanlegu Tilstande?

Jae, ad vijsu, þo þeir verde ege aller hengder, lenda þeir þo aller i Helvijte, nema þeir giore alvarlega Yferbot.

1 Cor. 6, 9-10 Lætid ege Villa ydur; Ege þiofar ne Agyrndar menn, ege Ofdryckiumenn, ege Hneijslatar ne Ræningiar, munu Guds Rijke erfa.

235. Hvad ca einn þiofur til ad giøra sem vill giøra Yferbot og leita Naadar hiaa Gude?

Þegar hann lætur af ad stela, þa skal hann ogso lata af ad ega, og halda inne hia sier, þvi sem hann hefur stoled, so hann bæte fyrer, og late hvern fa sitt aptur, ef hann hefur þa efne ad því.

2 B. Mos. 22, 3. Þiofurinn skal skila því aptur (sem hann hefur stoled.)

Luc. 19, 8. Ef eg hef nockurn tælt, þa gef eg ferfalldt aptur.

Tob. 2, 21. Afhended þeim Retta Eganda hann (kidlingenn) aptur, þviad oss somer ecke ad eta stoled Gots, eda þad sama ad snerta.

236. En hvad skal giøra til, ef hverke finnst egande, ne hans Erfingiar?

Þa so skiedur til, maa þad stolna Gots gefast fataekum, en firre ecke.

Luc. 16, 9. Giored ydur Vine af hinum raangla læta Mammon, so nær þier Vid þurfed, ad þeir medtake ydur i eylifar Tiallbuder.

237. Maa Presturenn ecke afleysa mig af þeirre Synd, þo eg hallde inne hiaa mier þvi Raangfengna?

Nei, engannvegen, því fyrer Guds Augslite, nær Aflausnenn ecke nema til þeirra sem eru Sann-Idrande, en ingen þiofur er Sann-Idrande medan hañ helldur iñe því stolna Fe.

238. Er þad lijka Synd ad stela Smaamunum?

Jaa, þad er ein stor Synd i mote Gude, ad vilia yfertroda hans Bodord fyrer smaa-

mune;

mune; þo er Syndenn því stærre mote Naaunganum, sem meiru er stoled fraa honum.

239. Er þad Synd ad stela fraa þeim Riku?

Jaa, Synd er þad, því þetta Bodord hefur eckert for-Tak, og Naaungans Rijkedæme giorer ege rangende mijn ad Rettendum.

240. Er þad Synd at hylla med einum þiof?

Jaa, þad er ad giora sig hluttakande i annarlegum Syndum.

Ordskb. 29, 24. Hver Hlutskipte hefur med þiofnum, heyrer Bölvan, og seger þar ecke til, hann batar sitt Lif.

241. Getur nockur stoled Lijfa fraa sialfum sier?

Jaa, því þad skedur

1.) Med Eidslu og Jdiuleyse.

Ordskb. 23, 21. Dísoelgiarar og Graduger utarmast, og Svefnugur Madur þlijtur ad bera tøtrug Før.

2.) Med Nijdsku vid sinn egenn Lijkama.

Sir. 14, 5. 6. Hver ecke giorer Sialfum sier neitt Gott, hvad skal sa odrum gott giora? Hann mun alldrege af sinn Gotse gladur vera. Enginn Hlutur er skammarlegre en sa, ad Madurinn ann sier Sialfum einkis Gods, og þad er makleg Plaaga fyrer hans Vondsku.

242. Maa þa hver einn giora af sijnu Gotse hvad hann vill?

Nei, því vier erun Raadsmenn yfer GUDS Gaafum, og egum eitt sinn ad giora Reikning fyrer. Luc. 16, 12.

243. Hvad er pad Gott sem er skipad i sijunda Bodordenu?

Ad vier skulum stirkia Gagn vors Næunga.

244. Hvernen fötum vier ad pvi, ad stirkia Næungans gagn, i pvi sem hans upbellde vidvijkur?

Pegar vier lænum honum nockud af voru Gotse, edur gefum honum nockra Ölmusu, hafe hann hennar Porf.

1 Joh. 3, 17. Nær nockur hefur pessarar Veralldar Audæfe, og ser sinn Brodur Naud lijda, og lykur sitt Hiarta til fyrer honum, hvernen blijfur Guds Kiærleike hiæ honum.

Ebr. 13, 16. Gott ad giora, og med ad skipta, pæ forgleymed ecke, pviad slijk Offur peknast Gude vel.

245. Hver getur, og æ adhiælpa peim purfande Næunga?

Sierdeiles peir Rijku, og par ad auke sier hver sem hefur nockud Afgængs pvi sem hann parf daglega med.

1 Tim. 6, 17-19. Rijkum pessrar Veralldar biod pu, (pad peir seu ecke mikkellæter, og legge enga von uppæ pennann fallvalltan Rijkdom, heldur uppæ lifanda Gud, sem oss rijkuglega gefur, alls Hattad til Notkunar); pad peir gijre gott, pad peir audgesti godum Verkum, seu giafmilder, Godviliader; Safnande sier Siælfum siod, til gods Grund-Vallar, uppa hid tilkomanda, so ad peir hendle Eylift Lijf.

246. Hvernen æ Madur ad gefa Ölmusu?

Epter sijnum Efnum, af kiærleiksfullu Hiartalage.

Tob.

Tob. 4, 9. Hafer þu mikid, so veittu riikuglega, en ef þu hefur lijted, so veittu þo af þvi litlu med truu Hiarta.

247. Straffar GUd þa Miskunarlausu?

Ja.

Jac. 2, 13. Þar mun Omiskunsamur Domur yfer þann gaanga, sem engaMiskunsemi hefur giorda.

Psal. 41, 2. Sæll er sa sem annast hinn þurftuga, Drottenn mun frelsa hann i hinne vondu Tiid.

Þad Attunda Bodord.

Þu skallt ecke bera falskann Vitnesburd a mote þijnum Naunga.

Þad er:

Vier egum ad ottast og elska GUD: ad vier ege raanglega liugum nockru a vorn Naunga, ege Svijsium, Baktolum, edur ofrægium hann i nockru, helldur egum vier hann ad affaka, og allt gott um hann ad taka, og færa alla hlute til betra vegar.

248. Hvad vondt verdur i þessu Bodorde bannad?

Ad bera falskann Vitnesburd a mote Naunganum.

249. Hvad er falskur Vitnesburdur?

Oll Logenn og Astsemdarlaus Ræda um Naungann, hvert sem þad skedur fyrer Rette, edur fyrer utan hann.

250. Hvernen verdur falskur Vitnesburdur borenn I Rettargangs Maalefnum?

1.) Þegar Sækiandenn ber fram logna Akiæru.

Ordsk. S. 19, 5. Einn Liugvottur blijfur ecke vhegndur.

ohegndur, og saa sem framgiarnlega framber Lyge, mun ecke undan hlaupa.

2.) Pa Vittnenn stadfesta Lijgena.

Ordsk. B. 19, 5. Einn Liugvottur blijfur ecke ohegndur.

3.) Pat Talsmadurenn forsvarar Lijge i mote sinne egenn Samvitsku.

2 B. Mos. 23, 1. Pu skallt ecke trua Raungum Kiærumaalum, og gior ecke peim ogudlega nockra Hiaastod, so ad pu berer falskt Vitne.

4.) Pa Domarenn vijsvitande edur af sævitsku dæmer pad sem lyge er, satt ad vera, og pad rangt ad vera, sem rett er.

Ordsk. B. 17, 15. Hver hann seger hann Ogudlega hafa Rett, og fyrerdæmer Rettlætann, peir eru Bader fyrer Drottne Ein Svivirding.

251. Mega Christner menn ega Mal saman?

Peir mega pad i peim Sokum sem miked rijdur ai, og i stærstu Naudsyn flija til Domara Embættesens, sem er Guds Skickan, og klaga Naudsyn sijna, an haturs til sijns Motparts, en ad hefia prætur fyrer lettvæga Sok, og ad syna sig i ollu siersinnadann, og hefndargiarnann, er miog ogudlegt.

1 Cor. 6, 7. Par er alla reidu brestur a millum ydar, pad pier hafed Lagadeilur ydar a mille; Hvarfyrer lijded pier ege miklu heldur orett? Eda hut lætid pier ecke aseilast ydur heldur.

Sia Ordsk. B. 20, 22. Matt. 5, 39. Rom. 12, 19.

252. Hvernenn verdur falskur Vitnesburdur borenn fyrer utann Rettargaang?

Par

Þa madur lijgur uppa sinn Nauunga og kemur honum raunlega i ehrodur.

Sir. 5, 16. Vert ege Sógvijs, og Bakmællin ecke med þinne Tungu.

253. En ma madur ecke segia þad Illt um Nauungann sem satt er?

Nei, nema þad se adur allareidu opennbert Orded hverium Manne, og ad þo madur ege ad hafa þad sier til gamans, ad segia fra þvi, þad er Kiærleiks-leyse.

254. Hvernen kann madur ad svikia sinn Nauunga?

1.) Þa madur openberar þad sem hann hefur heimuglega truad oss fyrer.

Ordsk. B. 11, 13. Bakmælugur madur opinberar þad, sem hann veit Leyneleat, en sa sem med Trufstu Hiarta er, hann leyner þvi.

2.) Þa madur liostrar ut hans heimuglegum brestum honum til Skada, en odrum til hneixles.

Sir. 19, 7. 8. Heyrer þu nockud vondt, þad segge ege epter; Þvi ad Þegn gisrer þier engann Skada. Þu skallt hverke segia þad þinum vin, ne ovin, og opinbera þu þad ecke, kunner þu ad gisra þad fyrer utan vonda Samvitsku.

255. Ma madur ege gefa til kynna yfervallden edur Prestenum Nauungans Synd?

Ju, þegar þad skedur af Elsku til Nauungans og Umsorgun fyrer honum, og til ad laptra Syndenne, so sem þa Joseph sagde, Fodur sijnum fra Synd Brædra sinna. Sia

Matth. 18. 17. hvar ed Christur bijdur ad segia Sofnudenum fraa Synd sijns Naa-unga, pegar heimugleg Advorun vill ege gaanga, en ef þad skedur af Hefnd edur Maal-æde, þa er þad Synd.

250. Getu madur oa med ǫdru mote synd gad sig i sijnu Tale?

Jaa, oll onytin Ord eru syndsamleg.

Matth. 12, 36. En sege ydur, af hverju þui Fafengu Ord, sem Menninger tala, munu Peir Reikningsskap gisra a dyesta dege.

257. Hvad gotter skipad i Attunda Bodorde?

Ad aiſak i Naaungann, tala vel og meina vel um hann, og tak i allt upp i bestu Meining.

253. Getur madur haa gered Gods til allra Manna?

Þa Peir ege med þeckianlegum Hylldseins Verkum upplioſtra sinne innre Vondsku, maa madur Kiærleikans vegna vænta hins besta, og ege gisra sier Mispaunka, edur faa opocka til nockurs.

1 Cor. 13, 5. 7. Kiærleikurenn hugsar ecke illt, han umber allt hlute, truer allu vonar allt.

En þaa Vondskann er ordenn opennber, maa madur ecke kalla hana goda.

Es. 5, 20. Vei Peim, hverier ed kalla hid vonda gott, og þad hid goda Vondt.

259. a madur og so ad affaka sinn Naunga þaa adrer tala illa um hann?

Jaa; gete madur þad med Sanne, sier-

deiles

delles þar hann er ege siælfur vid og kann ad affaka sig.

Sir. 6, 5. Hver alla Hlute færer til betre Vegar, sa gisrer fier marga vine.

1 Pet. 4, 8. Kiærleikurinn hylur einnen fiolda Syndanna.

Þad Nijunda Bodord.

Þu skallt ecke gyrnast Hus Naunga þijns.

Þad er:

Vier egum ad ottast og elska Gud: ad vier ege med Flærd stundum epter Arfe edur Fasteign vors Naunga, under oss drogum med Yfervarpe Laga og Rettenda, helldur egum vier þar til ad hiælpa og stirkia, so hann hafe sitt allt oskaddad.

260. Hvad er þad vondt sem bannad verdur i Nijunda Bodorde?

Syndsamleg Fijsn og Gyrnder, sierdeiles epter annara Gotse.

261. Hliodar ecke þad Tiunda Bodord nær þvi eins?

Ju.

Þad Tijunda Bodord.

Þu skallt ecke gyrnast Kvinnu Naunga þins, ege þion ne þionustu Kvinnu, egellra ne Asna, og eckert þad hans er.

Þad er:

Vier egum ad ottaſt og elſka Gud: ad vier ege burttælum edur lockum fraa vorum Naaunga, hans egen Kviñu, Þionuſta-Folk eda Kvikfe, helldur egum vier ad aminna og raadleggia, ad hver og einn ſe ſamt og aaſtunde ad þiona þad ſem honum ſkyldugt er.

262. Hver er miſmunur a Midlum Þeſs Niiunda og Tijunda Bodordſens?

Miſmunureñ er ege ſo ſierdeiles innefaleñ i þeim hlutum ſem menn gyrnaſt, ſo ſem i þvi, hvernen Gyrndenn edur Fyſnenn til þeſs er aa ſig komenn.

263. Hvad margſlags er þa ſu Illa gyrnd?

Tvennſlags.

1.) Erfda Gyrndenn, edur Uppruna Gyrndenn, ſem er ſu ſpillta Naattura ſiaalf, edur Tilhneiging til þeſs Vonda.

2.) Su Gisranlega Gyrndenn, ſem framkemur af Uppruna Gyrndenne eins og einn avoxtur af ſinne Rot, og verdur hun annadhvert af Vilia Mañſens ſamþyckt og halldenn vid Magt, ellegar henne verdur motſtaded, og hun nidur kiæfd.

Jac. 1, 14. 15. Helldur freiſtaſt hver einn nær hann til tegeſt af ſinne egen Gyrnd og lockadur verdur; ogſidan þa Gyrndenn hefurgeted, fæder hun Syndena, En nær Syndenn er fullkomnud, fæder hun Daudann.

264. Hvar

264. Hvar verdur fyrerbodenn su giøranlega Gyrnd?

I Nijunda Bodordenu, hvert 5 Mos. B. 5, 21. utlegst soleides, Þu skallt ecke gyrnast at, Þad er: Lattu Þinn Vilia ege burtdragast, (frá mier Þijnum Gude) af Þeim vondu Gyrndum sem bua i Þier. (Sia 65. Spurning.)

265. Hvar verdur upruna Gryndenn bønnud?

I Tijunda Bodordenu, sem utlegst soleides: Þu skallt ecke gyrnast, Þad er, Þar skal engenn vond Gyrnd vera i Þijnu Hiarta, Þu skallt enga Arfsynd hafa.

266. Finnst Þad nockur madur a Jørdunne sem enga vonda uppruna Gyrnd hefur?

Nei.

1 Joh. 1, 8. Ef ad vier seglum, vier høfum enga Synd, Þa villum vier sialfa oss, og Sannleikurinn er ecke i oss.

267. Fordæmer Þad Uppruna Gyrndenn Þau trunudu GUds Børn sem hafa augun af henne?

Nei, hiá Þeim hefur Syndenn tapad Þeim sijnum Krapte sem fordæmer, med Þvi Þeir eru i CHristo, og standa ege framar nakter, (edur Forsvarslauser) fyrer Guds Rettlæte.

Rom. 8, 1. So er nu enginn Fordæming i Þeim sem i JEsu CHristo eru, Þeir sem ege ganga epter Holldenu, helldur epter Andanum.

268. En hvad Þad; Ef madur lætur so upruna gyrndena vid sig rada, ad hønum Þyker vænt um ad filgia giøranlegum gyrndum?

Hvar fra su giøranlega Gyrndenn rædur

fyrer, (og hefur yferrad) þar ræður Christi Naud ecke fyrer, og er so su Manneskia under Bolvanenne.

Rom. 8, 13. Ef þier lifed epter Holldenu, munud þier deya, en ef þier deyded fyrer Andann Holldsins giörder, munud þier lifa.

269. Er þad vond Gyrnd Synd, þo hun se ad eins i atfoume og komest ege lengra?

Jad, fyrer Gude tekst Vilienn fyrer Verked.

Matth. 5, 28. Hver hann lytur Konu til ad gyrnast hennar ꝛc.

270. Kann þad madur ad briota ad þennann hatt Bodord Guds ǫll med einberum Þaunkum og Gyrndum?

Jad vissulega, þvi GUds Logmaal er andlegt, og hver sem vill hinum Bodordunum hlijda, mad iduglega taka vara ad sijnu Hiarta, epter þvi sem þesse seinustu Bodordenn adskilia, þvi þau eru so sem lykell ad ollu Logmaalenu (kenna adskilia allt Logmaled.)

271. Er þad ǫll Fysn og Gyrnd Synd?

Saklaus Gyrnd er su sem Saalenn hefur til þess sem lijkamenn þarf med, so sem Lyst til ad eta, drecka, sofa, hræra sig, og annara soddan hluta; su Gyrnd var med Mannenum i Sakleysens Stande, og ad þvi leite er hun ege Syndsamleg.

272. En framkoma þar þo ege margfalldar Synder af soddann natturlegum Epterlaungunum

Ju,

Ju, ad vijsu, og velldur thvi su Innrætta Natturunnar Spilling, sem vill komast i alla Hlute, og vill giora Epterlaungunena thar skickanlegu oskickanlega, ohoflega og sauruga, ef vier ege nogsamlega tokum oss i Vakt og motstrijdum thvi.

273. Hverier eru Peir Syndsamlegu Hluter sem Gyrndenn festest mest a?

Pad eru peir Hluter

(1. Sem ega skilldt, vid Ohof, Dramb-seme og Vellystingar.

1 Petr. 2, 11. Hallded ydur fra Kollolegum Gyrndum, hverjar i gegn Saalunne strijda.

(2. Peir hluter sem odrum vidvijkja, hverja GUd hefur ecke gefed mier, helldur mijnum Naaunga, og ma eg thess vegna ege misunna honum peirra, so sem er, hans Egta-Kvinnu, Pious, Pionustu-Kvinnu, edur neins af ollu thvi sem honum heyrer til.

274. Get eg tha med engu mote gyrndst neitt an syndar og orettar af thvi Gotse sem minn Naunge a?

Ad vijsu, oska ma eg epter Kaupmanns Vorunne fyrer Betalingenn, so sem Abraham falade Akurenn. 1 Mos. 23, 4. En ecke ma eg gyrnast ad draga under mig Gots mijns Naaunga, med Rettenda yfervarpe, Svikum eda Ofrijke, so sem Achab agyrntest Nabots Vijngard. 1 Kong. 21, 2.

275. Hvad er nu gott befalad i Niunda Bodordenu?

Ad vier tokum vara a oss fyrer vondum Hiartans Gyrndum, og strijdum mote peim.

Vor Drottenn JEsus Christus, Guds og Mariu Sonur, sannur Gud og sannur Madur, hefur endurleyst oss, og það epter baadum Natturunum.

Gb. Post. 20, 28. Gud hefur utvegad, (sier) sosaud med sijnu eginn Blode.

429. Hafa þa ege Faderenn og H. Ande endurleyst oss?

Þeir hafa ad Sonnu elskad oss, og framsijgt vorre Endurlausn. Joh. 3, 16. 1 Cor. 6, 11. En þeir kunnu ecke ad utretta Endurlausnar Verked sialft, sem skede med Pijnu og Dauda.

430. Hvi gætu þeir það ecke?

Þvi Faderenn er alleina Gud, sem ege kann ad deya, so er lijka Heilagur Ande, en

Sonur

Sonurenn er sannur Gud og sannur Madur, sem er daenn og hefur ut-hellt sijnu Bloode, fyrer vorar Synder.

431. Hvern hefur Christur endurleyst?

Miglaumann, glatadann, og fordæmdann Mann.

432. Hverja vissu hefur Pu par um, ad Pu siert endurleystur?

Eg hef par pessa vissu um, ad aller Menn eru endurleyster, og eg so einnen lijka i peirra Tolu.

1 Tim. 2, 6. Christus JEfus hefur sialfann sig utgefed fyrer alla til Endurlausnar.

433. Beviisa Pu mier en nu framar, ad aller Mennseu Endurleyster fyrer Christum?

Rom. 5. fra 15. til 21. Vers. kenner Postulenn St. Pall pad med morgum ordum, ad Upreisningen edur Hialpen i Christo naade allt eins vijda til, eins og falled og fordiorfunenn i Adam, sem er til allra.

1 Joh. 2, 2. Hann same er Forlijkun fyrer vorar Synder, en ege einasta fyrer vorar (pad er peirra Truudu) heldur einnen fyrer allrar Veralldarennar.

Item 1 Tim. 4, 10. Gud er Frelsare allra Manna, en sierdeiles Truadra.

434. Hefur Pa Christur lika endurleyst Pa, sem med Idrunarleyse og Vantru steipa sier sialfer i Fordæmingena?

Jau.

2 Petr. 2, 1. Peir afneita Drottne sem pau hefur

endurkeyst, og munu yfer sialfa sig leida snoggva fyrerdæming.

435. Med hverju befur Christur endurleyst oss?

Hverke med Gulle ne Silfre, helldur med sijnu heilaga, dyrmæta Blode, og sijnum Ovidurkvæmelega og saklausa dauda, Jaa, ecke med Pijnunne alleina, helldur og so med sinne Hlijdne og Logmaalsens Upfyllingu.

1 Petr. 1, 18. 19. Vited ed. Per erud ecke med forgengelegu Gulle edur Silfre endurleyster i fraa ydru hegoma Athæfe, epter Fedrauna uppaasetninge, helldur med dijrmætu Blode Christi, so sem hins osleckada og saklausa Lambs.

Rom. 5, 19. Pviad lika sem fyrer eins Manns Ohlijdne eru marger Synduger ordner, so verda og fyrer eins Hlijdne marger Rettlaater.

436. Var Þa so stor Naudsyn aa, ad braka so dijrmætt medal til vorrar Endurlausnar?

Jaa, Þvi Christi Offur Blods mætte ecke an vera til Hreinsunar vorrar og Fridþægingar.

Ebr. 9, 22. An Bloods Uthellingar skedur engenn Fyrirgefning.

437. Fra hverju Illu befur Christus oss endurleyst?

Fra Synd, fra Dauda, fraa Diofulsens Valldi (Rijke.)

438. Hvernen befur Christur frelsad oss fraa Syndenne.

Med Þvi mote, ad

1) Er Syndarennar Sekt og Straff burtteked. 1 Joh.

1 Joh. 1, 7. Bloded JEsu Christi Guds Sonar hreinsar oss af øllum Syndum.

Col. 1, 14. I hverium vier hofum Endurlausnena, fyrer hans Blod, sem er Syndanna Fyrergefning.

2) Ad Syndarennar magt og yferrad eru brostenn. Jaa, Syndarennar Rot verdur umsijder uprætt i Daudanum.

Rom. 6, 14. Syndenn mun ege kunna ad drottna yfer ydur, med thi ad thier erud ege under Logmaalenu, helldur under Naadenne.

1 Petr. 2, 24. Christur hefur vorum Syndum offrad a sinum likama uppa Trenu, so ad vier I fra Sindunum Deydder Lifeum Rettlætenu, fyrer hvers Beniar thier erud heilbrigder vordner.

[439. Kann eg ecke noglega ad vera Frelsadur fra Straffe Syndarennar, thø eg se bundenn under hennar Yferdrottnan?

Nei, thad syna thær Ritningar Greiner, sem nu voru framfærdar, og i thvi fara villt adler Idrunarlauser, ad their rangfæra Evangelium (a thann hatt) ad their Vilia nyta sier thad til Helldlegra friheita, en ege til frelses fra Syndenne sialfre, hverre their Vilja thiona i andlegum Dauda; helldur Vilia their nyta sier thad til frelses fra Syndarennar Straffe, og fra thvi alleina Vilia their frijast fyrer Christum.

440. Hvernen hefur Christur endurleyst oss fra Daudanum?

So, ad sa Timanlege Daude, er ordenn Ingangur til lijfsens, enn sa andlege

Daude hefur mist sijna Magt, og þann eylijfa Dauda er ege meir ad ottast fyrer þa truudu.

Joh. 11, 25. 26. Eg em Uprisann og Lijfed: hver hann truer a mig, sa mun Lifa þott hann deye, og hver hann lifer og truer a mig, sa skal alldrege deya.

441. Hvernen hefur Christur frelsad oss fra Diofflenum og hans Rijke?

So, ad hann hefur enga Magt yfer oss, helldur kunnum vier ad veita honum motstodu, og þurfum ecke ad hrædast hann þegar vier hræduust Gud.

Ebr. 2, 14. Uppa þad, ad hann magtena tæke fyrer Daudann, fra þeim sem Daudans magt hafde, þad er Diofflenum, og endurleyste þa sem fyrer ogn Daudans hlutu um alla æfe i þrælkan ad vera.

442. Til hvers hefur Christur endurleyst þig?

Uppa þad eg skule vera hans egenlegur, og so sem egenn eign, life sijfelldt under hans Rijke, og þione honum.

443. Gefur þa þetta Christi Endurlausnar Verk þier øllungis eckert Leyfe ad þiona Syndenne, Diofflenum og Verøldenne, edur ad vera þeirra eign?

Nei, þad er adstela fraa Christo, mijnum retta Herra, þvi sem hann hefur so dijrt keipt, sier til eignar.

Luc. 1, 74, 75. Ad vier leyster af hende ovina vorra, þionudum honum an ottа, alla vora Lijfdaga, I Heilagleika og Rettlæte, sem honum þoknast.

Rom.

Rom. 6, 18. Fyrst þier erud Frelsader af Syndenne, þa erud þier ordner Rettlætesins Þionustu Menn.

Tit. 2, 14. JEsus Christus hefur Sialfann sig gefed ut fyrer oss, uppa þad hann endurleyste oss i fra øllu orettlæte, og hreinsade sier Sialfum Folk til eignar, þad kostgiæfed være til godra Verka.

444. Er þad þa ad skia a Heimsens Børnum, ad Christur hafe þau endurleyst?

Nei, þvi þau hafa a nij burtselldt sig Guds ovinum, Syndenne og Dioflenum.

445. Hefur Christur vor Endurlausnare alltijd vered Jeinu sama Stande?

Nei, hans Stand er tvennslags, sem er, Nidurlægingar Stand, og Uphafningar Stand. Um bæde talar Paulus.

Philipp. 2, 6-11. Hver þo ed hann være i Guds Mind, hellt hann þad þo ecke fyrer Rann, Gude lijkur ad vera, helldur minkade hann sig sialfann, og tok a sig mind eins Pions, vard lijkur odrum Monnum, og ad hegdan sundinn sem madur, lijtelæckade sig sialfann, og vard hlijdugur allt til Dauda, jea, allt til Krossens Dauda, fyrer þvi hefur Gud uphafed hann, og gaf honum Nafn, þad yfer øllum Nøfnum er, so ad i Nafne JEsu skulu sig begia oll kne Peirra sem a Himnum, og a Jordu, og under Jordunne eru, og allar Tungur skulu vidurkenna, þad JEsus Christus se Drottinn, til Dijrdar Guds Foburs.

446. Hvad er Christi Nidurlægingar Stand?

Þad er þad Stand, i hverju hann epter

sinne Manndomlegre Natturu, lagde af ad bruka fullkomlega og sijfelldt þa Guddomlega egenlegleika, sem Manndomenum voru meddeilder, og tok uppa sig þions mind, so ad hann med sinne hlijdne kynne ad forliika oss vid Gud.

447. Hvad er Christi Uphafningar Stand?

Það er það Stand, i hverju Christur (þa hans Pijna var endud) var epter sinne Manndomlegre Natturu, uphafenn, til ad bruka fullkomlega og sijfelldt, Guddomlega Egenlegleika og Tignargiæde, til ad giora oss hluttakande i þeirre Sæluhialp sem oss var utvegud af honum.

448. Hvad morg atrid eru i Christi dimpu Niðurlæging?

Su Postullega Truar-jatning uptelur Fim, sem er 1) Fatæklega Fæding, 2) Pijnuna, 3.) Krossfestinguna; 4.) Daudann, og 5.) Greptranena.

449. Vt upbiriade Christur sitt liferne, med þeirre Fatæklegu Fæding i Stallenum?

Ad hann sem first æavijssade það, ad hann sækte ege epter Rijkjum og metordum veralldarennar, helldur villde hann alleinasta, audga oss med sinne fatækt. 2 Cor. 8, 9.

450. Hvad var það sem Christur leid?

Aller hans lijfshager voru fra ungdome fuller med fæatækt, forakt, ofsokn, ervide, og

og onæde; en ad sídurstu var hann særlega Pijndur, under þeim Romverska Landshofdingia Pontio Piláto, sem let hann hudstrijkia, hæda, þyrnekrijna, og illa med hann höndla.

451. Leid Christur alleinasta utvortis á lijkamanum?

Nei, hans allra stærsta kvol var su Helvijtska saalar Angist vegna vorra Synda, hverra hin þunga Byrde utpressade af honum Blodsveitann, og kom honum til ad segia,

Matth. 26, 38. Hrigg er Saala min allt til Dauda.

452. Hvar fyrer leid JEsus so mikel harmkvæle?

Vegna vorra Synda, og oss til Saaluhialpar.

Es. 53, 7. 8. Sannarlega þá bar hann vort Krankdæme, og vorum Pijnum hlód hann uppá sig, fyrer vorra Misgiórda Sakir er hann særdur, og fyrer vorra Synda sakir er hann lemstradur, Hegningenn hun liggur á hónum, uppá þad vier hefdum Fridenn, og fyrer hans Beniar erum vier heilbrigder vordner.

453. Hvernen hagade JEsus sier í sinne Pijnu?

Miog þolenmodlega, so sem eitt Lamb sem Leidest til Slátrunar Beckséns. Es. 53, 7.

454. Hvad er Christi Krossfesting?

Eitt miog kvalafullt, forsmánarlegt, og bölvad Dauda Straff, sem brukad var vid allra stærstu Odauda Menn.

Gal. 3, 13. Christus hefur leyst oss frá Bölvan

Lögmaalsins, þann Tijd hann vard Bölvan fyrer oss, (þviad skrifad er) Bölvadur se sa, hver sem a Tre hanger.

455. Er Christur sannarlega Daaenn a Krossenum?

Jaa.

Luc. 23, 46. JEsus kallade hærre Reddu og sagde, Faderl i þinar Hendur fel eg minn Anda. Og er hann hafde þetta sagt, gaf hann up sinn Anda.

456. Hafde soddann Daude JEsu Christi storann Krapt til ad utvega oss vort Lijf og Salu-Hiaalp?

Jaa, allra stærsta Krapt, þvi þar med var Daudenn, so sem Syndarennar verdlaun, betaladur af vorum Medalgaangara, og vier fyrer hann lauser gefner.

Rom. 5, 10. Vier erum vid Gud forlijkter fyrer hans Sonar Dauda, þa vier vorum en Ovinер.

457. Hvad var Christi Geftran?

Ecke var nockur Naudsyn a henne, med þvi hann ætlade ege ad vera daudur til lengdar, helldur var hun einn Vitnesburdur um, ad hann være sannarlega daudur, so og eitt Hugginar-rijkt minnes Teikn, ad vorar Synder eru nidurgrafnar, vorar grafer helgadar, og þeirra Vidbiodur fra þeim tekeft.

458. Hvernen a Madur ad aalijta Christi Lijf allt, og alla þiæning i þessu Nidurlægingar Stande?

Ad nockru leite, og sierdeiles, so sem eina For-

Forlijkun fyrer oss, og ad nockru leite so sem Heilagleikans og Polennmædennar epterdæme, i Lifnadenum og Pijnunne.

1 Pet. 2, 21. Christur hefur einnen lided fyrer oss, og oss eitt Epterdæme epterlæted, ad þier skyll ud epterfilgia hans Fotsporum. 1 Joh. 2, 6. Joh. 13, 15. Matth. 10, 38. Cap. 11, 29. Luc. 9, 23.

459. Hvad kom epter Grefftranena, so sem þad siidarsta atrid i Christi Nidurlægingar Stande?

Hans Uphafningar-Stand, og til þess hlijda lijka fim atrid, sem er: 1) Hans Niðurstigning til Helvijtes, 2) Upprisann, 3) Himnafærenn, 4) Setann til Hægre Handar hiaa Fodurnum, 5) Apturkomann ad dæma Lifendur og Dauda.

460. Hvad er Christi Nidurstigning til Helvijtes?

Hun er þad, ad hann hefur skommu fyrer sijna Uprisu komed til Sama-stadar þeirra fordæmdu, hrosad sigre yfer Sathans Magt, og predikad fyrer ondunum.

1 Petr. 3, 18, 19, 20. Christur er deyddur epter Holldenu, en lifande giordur epter Andanum, I þeim sama er hann einneu i burtgengenn, og hefur þeim ondunum predikad, i fiotrunum, hverier fordum Daga ege trudu.

461. Hvad er Christi Uprisa?

Hun er, ad hann aa þridia dege epter sinn Dauda, hefur teked aptur sitt Lijf, forklaared sinn Lijkama, og i honum syndt sig openberlega.

Gb. Post. 2, 24. Gud hefur upreist JEsum, ad upleystum Daudans Kvølum, fyrer thi ad thad var omøgulegt, ad hann skylde af honum halldi Verda.

462. Hvada nytsemd høfum vier af Christi uppriſu?

Allrastærstu Nytsemd.

1) Til stadfestu vorre Tru, ad fullkommenn Betalingur, se utlagdur fyrer vorar Synder, thar ed vor Medalgangare er ur daudans Fangelse sloppenn.

Rom. 4, 25. Sa er fyrer vorar Synder var ofarsellder, og fyrer vors Rettlætes saker upvaktur.

2) Til vorrar andlegrar uppriſu og heilags framferdes, i einum nijum Lifnade; og ad sijdustu.

3) Til thess, ad vorer lijkamer, skulu Saaluholpner uprijsa.

Rom. 6. 4, 5. Lika sem Christur er upvakenn fra Daudum fyrer dijrd Fodursins, lika so skulum vier gaanga i einu nyu Lijferne, thvi first vier erum med honum plantader til Lijks Dauda, tha munum vier og uprisunne lijker Verda.

463. Umgeckst Christur ad jafnade her a Jordunne epter sijna upriſu?

Nei, tha haun i fiorutijU Daga hafde her umgengest med sijnum Læresveinum, i adskilianlegum openberunum, og talad fyrer theim um thad sem heyrde til Guds Rijkes,

veik

veik hann burt ur Veroldenne ad synelegre, Nalægd, og for up yfer alla skapada Himna til Guds Dijrdar Himens, og hans Hæstignar hægre Handar.

Post. G. B. 1, 9. Og er hann sagde þetta, var hann þeim ofsiasyndum upnumenn, og eitt Skij tok hann up, i burt fyrer þeirra Augum. Ebr. 9, 24.

464. Hvert gagn hofum vier af Christi Himnafor?

(1. Þa Huggun, ad JEsus er farenn hedan ad tilbua oss Stad i sijns Fodur Himneska Huse, og vill taka oss þangad til sijn.

Joh. 14, 2. 3. I mins Fodurs Huse eru margar Verur. Eg fer hedan ad tilbua ydur Stad.

(2. Þa æminning ad vier skulum hafa eitt Himneskt Sinneslag, jæ Lyst til ad fara hedann fræ og vera med Christo.

Col. 3, 1. Erud þier nu up aptur risner med Christo, þa leited þess hvad þar uppe er, þar sem Christur er sitiande til Guds hægre Handar.

465. Hvad merker Christi Sets til Fodursens hægre Handar?

Ad Christur epter sinne Manndomlegu Nattura med fullkomnu og ævarende Herradæme, Drottnar, og Stiornar ollum Hlutum.

Eph. 1, 20. 21. Gud upvakte Christum af Dauda, og sette hann til sinnar hægre Handar a Himnum, yfer allann Hofdingskap, Valldstett, Magt, og Herradom.

460. Hvert Gagn høfum vier af Setu Christi til Guds hægre Handar?

Þar af vitum vier oss til Huggunar, ad hann i Hæsæte sijns Guddoms stiornar sinne Kyrkiu, sefar sijna Ovine, bidur Fyrer oss, sender oss sinn Heilaga Anda, og med þessu mote vill hann i sijnu Upphafningar Stande giora oss niotande þess sem hann hefur utvegad oss i sijnu Nidurlægingar Stande, hvar i mot vor Skyllda er ad heidra, tilbidia, og hlijda so hautt tignudum Hofdingia.

Psal. 110, 1. Drottenn sagde minum Drottne, set þu þig til minnar hægre Handar þangad til eg legg þina Ovine til Skarar Fota þinna; Rom. 8, 34.

467. Er Christur þa ege framar Naalægur her a Jordunne?

Jw, med einum kroptugum, en þo osynelegum hætte.

Matth. 28, 20. Siaed, eg er med ydur alla Daga, allt til Enda Veralldar.

468. Nær vill hann iaunad sinn apturkoma synelega til Veralldarennar?

A þeim sijdasta Deige, hver alleina er Gude kunnur.

Post. G. B. 1, 11 Þesse JEsus sem upnumenn er fra ydur til Himens, mun koma, lika so sem þier saud hann til Himens upfara.

Luc. 21, 27. Þa munn þeir sia Mannsens Son komande i Skyunum med storum Krapte og Dijrd.

469. Hvernen mun Þad tilganga a Doms Dege.

Aller

Aller Menn, bæde þeir sem þar lifa, og hiner sem adur voru Dauder, og þa aptur uppvakter, skulu stadnæmast fyrer Christi Dom stol, og þeirra Hugrenningar, Ord, og Verk dæmast epter Guds Orde, Disflar-ner skulu þar og dæmast.

Gb. Post. 17, 31. Hann hefur Dag tilsett, a hverium hann vill dæma alla Jardar kringluna med Rettvijse, fyrer eiñ Mañ, fyrer hvern hann hefur þad og alyktad.

1 Cor. 4, 5. Dæmed ecke fyrer Timann, fyr en Drottenn kemur, sa er augliisa mun einnin þad i myrkrunum er huled, og opinber giora Raadenn Hiartanna, og mun þa hverium sem einum Lofstijr ske af Gude.

2 Cor. 5, 10. Vier hliotum aller ad opinberast fyrer Domstole Christi, uppa þad, ad hver Einn odlest epter þvi hann hefur adhafst i Lijkamans Lijfe, se þad Jllt eda Gott.

2 Thess. 1, 6. 7. 8. Þad er Rett hia Gude, ad endurgialda þeim Hormung, sem ydur Hormung veita, en ydur, þier sem Hormung lijded, Hvijlld med oss, þar er Drottenn JEsus mun openberast af Himne, medur Englum sins Kraptar, og med Eldsins Loga, Hefnd ad gefa yfer þa sem ecke þeckia GUD, og yfer þa sem ecke eru hlijduger Evangelio vors Drottens JEsu Christi.

1 Cor. 6, 2. 3. Vited þier ege, þad heilager munu Heimen dæma? vited þier ege, Þad vier munum yfer Englunum dæma?

Joh. 12, 48. Þad Ord sem eg talade, þad mun dæma hann a Efsta dege.

470. Er Pad nu nog, ad Pu veitst allt Petta um Christum, og helldur Pad fyrer sett?

Nei, ecke utan sa Heilage Ande auglisse Christum i mijnu Hiarta fyrer eina lifande Tru, og helge mig so i Sannleikanum.

Su pridia Greinenn.

Um Helgunena.

Eg true a Heilagann Anda, eina Heilaga almennelega Christelega Kyrkiu ad vera, semer Samneyte Heilagra Manna, Fyrergefning Syndanna, Holldsens Uprisa, og epter Daudann Pad Eylifa Lijf, Amen.

Pad er:

Eg true ad eg gete ecke af sialfs mijns egenn Krøptum ne Skilninge truad a JEsum Christum minn Drottenn, edur til hans komest, helldur hefur Heilagur Ande mig fyrer Gudspiallanna kenning kallad og upplyst med sijnum Astgiofum, helgar mig og vidhelldur i rettre Tru, lijka sem hann alla adra Christna Menn a Jordu kallar, samansafnar, upplijser og helgar, og i einne rettre Tru til JEsum Christum vardveiter; i hverre Christelegre Kyrkiu, hann Naudarsamlega fyrergefur mier og ollum Truudum daglega allar Synder, og a efsta Deige mun hann

hann uppvekia mig og alla Menn af Dauda, og gefa mier med ollum Rett-truudum i Christo JEsu Eylifft Lijf: Þetta eru vissuleg Sannende.

471. Truer Þu a Þa heiløgu almennelegu Christelegu Kyrkiu?

Nei, helldur true eg, ad ein heilog almenneleg Christeleg Kyrkia er til.

472. Truer Þu Þar a Heilagann Anda?

Jai, a Heilagann Anda true eg, eins og a Fodurenn og Sonenn, Þvi hann er med Þeim ein Guddomleg Vera.

473. Bevisa Þu mier, ad Heilagur Ande se ein Guddomleg Persona.

Þad bevijssaft, ecke alleinasta af Þeim Guddomlegu Egennlegleikum og Verkunum, sem honum tilleggiast optlega i Ritningunne, helldur og so, af Þvi hann verdur uthrickelega nefndur GUD.

Gb. Post. 5, 3. 4. Anania, Þvi upfyllte Andskotinn Hiarta Þitt, so ad Þu villder liuga ad Heiløgum Anda? Ege hefur Þu loged ad monnum, helldur ad GUde.

1 Cor. 3, 16. Viteð Þier ege Þad Þier ernd GUDS Musteri, og Þad GUDS Ande bygger i ydur. 1 Joh. 5, 7.

474. Þvi kallaft hann einn Ande?

Vegna Þess, ad hann med einum Guddomlegum Hætte, so sem GUDS Munns Ande. (Pf. 33, 6.) framgengur fra Eylifd af Fodur og Syne.

Joh

Joh. 15, 26 En þar sem Huggarenn kemur, hvern eg mun senda yður af Fodurnum, sem er Sannleiksins Ande, hver af Fodurnum framgengur, hann mun bera Vitne af mier.

475. Vegna hvers kallast hann Heilagur Ande?

Ege alleina þess vegna, ad hann er sialfur i sinne Veru heilagur, helldur og so þar fyrer, ad hann framkvæmer i Monnum Helgunar Verkenn.

476. Hverjar eru þær hellstu Verkaner Heilags Anda?

Ad kalla, upplijsa, helga, og vidhallda.

477. Er nockur þorf a ad þeckia þessar Heilagas Anda Verkaner i Sialunne?

Jaa, þvi epter þvi maa hver einn profa sig sialfann, hvert hann se einn rettelegur Limur Guds Kyrkiu.

478. Hvad er þa Guds Kallan?

Ad hann med sinu Orde hrærer Mannana Hiortu, openberar þeim sijna Raad, sierdeiles fyrer Evangelium, Frambijdur hana alvarlega, og gefur med þvi sama (Evangelio) Krapt til ad medtaka hana.

2 Tim. 1, 9. Gud hefur oss Hialpliga giort, og kallad med Heilagre Kallan, ecke epter vorum Verkum, helldur epter sinne Fyrerhyggiu og Raad.

479. Hver ønnur Hialpar medøl brukar Gud til ad upveckia og kalla Mennena til ad leita Sialuhialparennar?

Her til brukar hann stundum Piæningar, stundum Velgiorninga, stundum annara

Epter

Epterdæme, og soddann fleyra sem Menn kunna ad færa sier til i huggunar.

480. Gegna og so aller Menn þvilikre Guds Kallan?

Nei, marger Standa at mote þeirre H. Anda Naad sem undangengur, og underbijr þa, og þess vegna niota þeir ege helldur ad Naadenn bue i þeim.

481. Getur madur motstaded lika Guds Kallan?

Jaa.

Gd Post. 7, 51. Þier standed Jafnan i mote Heilogum Anda.

Es. 65, 2. Eg utrette minar Hendur allann Dagenn, til eins Ohlijdugs Folks.

482. Hver medteknr þa Guds Kallan?

Þeir sem medtaka Orded med vilugu Hiarta, og færa Avoxt i Þolenmæde, þad er, þeir sem Idrast og trua Evangelio, hvert ad er Kraptur Guds til Saluhialpar, en lege reina hiaa þeim sem trua. Rom. 1, 16.

483. Þa Madur nu ege motstendur Evangelii Kallan, helldur gefur henne Rum hia sier, hvad verkar hun þa I Hiartanu?

Hun verkar Upplijsing, þad er, eina lifande Þecking og obluga Sannfæring um þann Guddomlega Sannleik, In i hvern Modurenn fær þa first sed, og smackad hann rettelega. Joh. 7, 17.

484.

484. Er þad einn ogudlegur madur ecke uplysstur, af því hann er skijr og frodur i Ritningunne?

Nei, hann er en nu Mirkranna Barn, og þecker ege Liosanna Fodur.

1 Sam. 2, 12. Syner Eli vore Iller Skalkar, þeir hyrdtu ecke um Drottenn.

Jer. 2, 5. Prestarner hugsudu ecke, hver er Drottenn? og þeir hiner Lærdu skeittu ecke um mig, og Hirdararner burtleiddu Folked fra mier.

Joh. 8, 54. 55. Hvern þier seged ydvaru GUD vera, og þecked hann þo ege.

1 Joh. 2, 3. 4. Þar af vitum vier, þad vier þeckium hann, ef ad vier vardveitum hans Bodord, hver ed seger, eg þecke hann, og helldur ecke hans Bodord, sa er Lugare, og i þeim er enginn Sannleikur.

Eph. 5, 8. Þier vorud fordum mirkur, en nu erud þier Lios i Drottne, gaenged so sem Barn Liossins.

485. Seg mier þann egennlega Mismun sem er a mille mannlegs Lærdoms, og Gudlegrar Upplysingar?

Sa mannlege Lærdomur verdur lærdur med mannlegre Skinseme og Idne af GUds Orde, en þess Krapte verdur þa i mote staded. En su Gudlega Upplysing giorest fyrer þad sama Ord, af Heilogum Anda, sem þar nemur stadar og byr i Salunne. Sa mannlege Lærdomur er ecke nema i Heilanum og

ein

ein tom Historiu-þecking. Su Gudlega Upplijsing inntekur Hiartad, og er saman vid hana ein lifande Reynsla, (Madur kemst ad raun um þad, ad soddam allt er Satt og Saluhiælplegt.) Fyrer þenn Mannlega Lærdom blijfur Madurenn samt i sinne Vondsku, enn su Gudlega Upplijsing fer til ad taka i burt Mót-þroa Vilians.

486. Hvad skilst fyrer þad Ord Helgan?

Þegar meint verdur med þvi fleyra en eitt, innebindur þad i sier þetta þrennt, sem verdur hvert ödru ad filgia, Endurfædingena, Rettlætingena, og Endurnijungena. Annars merker þad opt alleina Daglega Endurnijun.

487. Hvad er Endurnijunenn, edur su nija Fæding?

Þad sama er hun sem Meddeiling einnar lifande Truar, edur Uppvakning af þeim Andlega Dauda, Umbendan og Flutningur fraa Mirkrum til Liossens, fraa Diofulsens Valldi til Guds.

Eph. 2, 4. Þa vier vorum dauder i Syndunum, hefur Gud giørt oss lifande i Christo.

488. Seg mier en þa skijrlegar hvad Endurfædingenn er?

Hun er ege (eins og Nicodemus meinte) ad Madurenn skule hverfa aptur i sinnar Modur Lijf, þar hann være Ordenn gamall, og fædast so ad nyju, helldur er Endurfædingenn

einn

einn Andlegur og innvortes Giorningur Guds i Hiarta Mannsens, sem fædest ad nija, þegar þar i skapast, (med þeim Hætte sem vier getum ege skiled) eitt nijtt Gudlegt Edle (Art) og Hattalag; I Skilningenum nij Upplijsing; I Vilianum ein nij Epterlaang-an, Gyrnd og Kraptur, og so aldeiles nytt Lijf i þeim sem annars var andlega Daudur, hvert ed Rittningenn kallar nijtt Hiarta, og nijann Anda, eina nya Manneskiu, ellegar nija Skepnu.

Ez. 36, 26. Eg vil gefa ydur eitt nytt Hiarta, og einn nyann Anda i ydur, og eg vil burttaka Stein-hiartad af ydru Hollde, og gefa ydur eitt Kiøtlegt Hiarta.

Joh. 3, 6. Hvad af Holldenu er fædt, þad er Holld, og hvad af Andanum er fædt, þad er Ande.

489. Fyrer hver Medøl verdur þesse Endurfæding?

Hia Ungbornunum skedur hun fyrer Vatn og Anda i Skijrnar-Sacramentenu, en hia þeim fullordnu, sem vegna Andvaraleysis edur Illgyrnes Synda eru fallner fra Skijrnar Naadenne, og Endurfædingar Standenu, færst hun aptur a ny fyrer Guds Ord, sem er þad oforrotnanlega Sæde. 1 Pet. 1, 23.

490. Er þad Holldunges Naudsynlegt til Sæluhia'parennar ad vera Endurfæddar?

Jaa, vissulega.

Joh.

Joh. 3. 3. Nema so se ad nockur verde ad niju Fæddur, hann kann eige ad sia Guds Rijke.

Gal. 6, 15. I Christo JEsu duger hverke Umskurn ne Yferhud nockud, helldur ny Skepna.

491. Hvar af fær Madur peckt ad hann se Endurfæddur?

Pad peckest af alvarlegre Umbreiting hans Hiarta, og af peim niju Gæfum Naadarennar, sem giora hann ad einne peckianlegre nijrre, og annare Manneskin.

492. Hvad er Pad þar sem Manneskiann ødlast egennlega med Endurfædingunne, Pad sem hun hafde ege ædur?

Hun ødlast þar sonnu lifande Tru, sem umfadmar, og ad sier tekur CHristum, og i honum Sonarlegann Utvalningar Auda med Rette til Guds Rijkes, samt Lyst og Krapt ad giora Vilia Guds.

Joh. 1. 12, 13. So marger sem hann medtoku, þeim gaf hann peim Makt Guds Børnum ad verda, peim er a hans Nafn trua, peim sem ecke af Blodenu, ne af Holldsins Vilia, ne Mannsins Vilia, helldur peim sem af Gude eru borner.

493. Hvad er su sanna lifande Tru sem gefenn verdur med Endurfædingunne?

Truenn er, pegar ein Jdrande Saal innflijr, og leitar sier Lifknar, til Guds Naadar, i CHristi Forbenustu, hveria hun tekur ad sier med Epterlangan, og tileignar sier hana,

og

og treyster med sruggu Trausti þar uppa.

494. Hvernen utmalar Lutherus þa sonnu Tru?

Truenn er eitt lifande, sruggt Huggunar Traust um Naad Guds, hun er eitt Guds Verk i oss, sem giorer oss uniskiptelega, og Fæder oss ad niju af Gude, deyder þann gamla Adam, giorer oss ad olldunges odrum Manneskium, ad Hiartanu, Huganum, Sinneslagenu, og ollum Kroptunum, og færer med sier Heilagann Anda. O! Hversu þar er einn lifande, kroptugur, megn, og arkafur Hlutur, i Trunne.

Sia formala Pistelsens til Romverja.

495. Hvad marger Partar tilheyra þa egenn lega Peirre sonnu Tru?

Prijr, sem eru:

(1. Lifande Pecking um Gud og hans Vilia, sem openberadur er i Ordenu.

Joh. 17, 3. Pad er eylijst Lijf, ad Peir þecke big, alleina einn sannann Gud, og þann þu sendur JEsum Christum.

Rom. 10, 14. Hvernen skulu Peir trua a þann, af hverium Peir hafa ege heyrt.

(2. Lifande Samsinning edur Samþycke og Sannfæring um Sannleik þess sem madur veit af Guds Orde.

Joh. 3, 33. Hver ed medtekur hans Vitnesburd, sa Insiglar þad, ad Gud se Sannur.

Ebr.

Ebr. 11, 1. Truenn er øruggt Traust peirra Hluta sem Madur vonar, og efar ege um pad sem hann sier ecke.

3. Ein lifande Tileignan Guds Nædar i Christo, samt Traust og Huggunar Athvarf til peirrar somu, hvert helldur hun audsyner sig i brennande Laungun og Hungre epter Christo, ellegar i stærre Fullvissu um Nad og Rosemd i honum.

Matth. 5, 6. Sæler eru peir sem hungra og pyrsta epter Rettlætenu, pviad peir skulu sadder verda.

Rom. 8. 33, 34. Hver vill æsaka Guds Utvallda? Gud er her sem Rettlæter. Hver er hann sem fordæmer? Christur er her sem Daued hefur, ja, miklu helldur sa sem upp aptur er vakinn, hver ed er til hægre handar Gude, og bidur fyrer oss.

496. Hvar fyrer kallast pesse Pecking, Samsinning og Tileignan, ein lifande Tru?

Vegna pess, ad pesser Hluter eru ecke alleina verkader af Guds Orde, sem er Lif og Ande, helldur og einnen læta peir sig finna lifande og kroptuga i Hiartanu, en pad giorer ecke su Dauda Tru.

497. Hvad er Daud Tru?

Su Dauda Tru er raung ætlan sem Idrunarlauser Syndarar smijda sier sialfum, ad peir mune fa Guds Nad, jafnvel pott peir Vilie ege umvendast, og leita Nadarennar med pvi retta lage, helldur eru aller hiner

somu, par þo Truarennar Edle og Egennleigleike er ad umbreita Manneskiune.

Jac. 2, 26. Lika sem Lijkamenn er aan Andans daudur, so er og einnin Truenn aan Verkanna daud;

498. Hafa þau þeir Idrunarlausu enga sanna Tru?

Nei, aldeiles enga, þvi þo þeir kunne allt Guds Ord, hallde þad fyrer satt, og hugge sig par vid, þa er þo þeirra Tru Daud, og þeirra aasigkomulag og Hattalag fordæmanlegt, so lenge sem þeirra Tru er ecke ad finna nema i Heilanum, (Lærdomenum) og hun kemur ecke i Hiartad, eda deyder þann gamla Adam, og endurfæder þa til ad verda ein nij Manneskia.

499. Af hverju get eg þa peckt hvert min Tru er lifande edur daud?

Af kroptu re Verkan hennar i Hiartanu, sem er Kiærleikenn til Guds og Næungans, Hatur til Syndarennar, Sigur aa Heimenum, Retteleg Brukun Naadar Medalanna, og fleyra soddann.

Jac. 2, 18. Syn þu mier Tru þijna utaf Verkum þinum.

Luc. 6, 43. Eckert gott Tre ber fuinn Avøxt, og eckert fued Tre ber godann Avøxt.

Giørnb. Post. 15, 9. GUD hreinsade þeirra Hiørtu med Trunne.

1 Joh. 5, 4. Allt hvad af Gude er fædt, þad yfervinnur Heimenn, og vor Tru er yfervinningen, hver Verolldena hefur yfer unned.

500. Er

500. Er þad su sanna Trv ætiſd og hiaſllum eins ſterk?

Nei, þvi þa Vantruenn ſtrijder ad hana, þad er hun ad ſtundum miog veik, ſem ein ſkialfande og titrande Hond, ſem varla vogar ad taka til Nadar GUDS, edur tilegna ſier hana, en vill nad til hennar med Hiartanlegre Gyrnd og Epterlangan, (vill miked fegenn nad til heſnar).

Marc. 9, 23. Eg true, Herra hiælpa þu minne Vantru.

501. Lædur þad GUD ſier lika jafnvel veika Tru?

Jad, þad hun er ſonn og Skijlaus, þo hun ſe veik; ſem þad kann beſt ad ſiaſt ad þvi, ad Madur hafe alvarlegt Hatur ad Syndunum, og hann laange epter frekare Truar-Styrking, jafnvel þo Diorfung Truarennar ſe ecke þad ad finna.

Matth. 5, 3. 6. Sæler eru þeir ſem andlega eru volader, þviad þeirra er Himnarijke ꝛc. 1 Joh. 3, 19.

502. Hvada Gagn hefur þad madur af þeirre Tru ſem hann ødlaſt med Endurfædingunne?

Allra ſtærſta Gagn, þvi Truenn alleina er þad ſem hendlar Chriſtum, og giorer Syndarann rettlaatann, þad er, Hluttakara i JEſu Chriſti Rettlæte.

Rom. 5, 1. Med þvi vier erum nu Rettlaater Ordner fyrer Truna, þa hofum vier Frid vid GUD, fyrer Drottinn vorn JEſum Chriſtum.

503. Hvad er þad Rettlætingenn?

Hun er hinn allra naukvæmaste Avoxtur Endurfædingarennar, og er innefalenn i þvi, ad sa þrieine Gud, af ein-skiærre Nad alyktar fyrer sijnum Dome, einn sann-Idrande og Truadann Syndara frijann, bæde fraa sijnum Syndum, og þeirra forþentu Straffe, og tilreiknar honum aptur ad mote Christi Rettlæte. Jad, hann adlijtur hann i Christo eins og hann hefde aldrege syndgad. 2 Cor. 5, 21. Hann hefur þann sem af engre Synd visse, fyrer os ad Synd giørt, uppa þad, vier yrdum i hønum þad Rettlæte, sem fyrer Gude gilder.

Rom. 3, 28. So holldum vier nu, þad Madurinn verde Rettlaatur adn Logmaalsins Verka, fyrer Truna adeina.

Gal. 2, 16. Med þvi vier vitum þad madurinn verdur ecke Rettlaatur fyrer Logmaalsens Verk, heldur fyrer Truna ad Christum JEsum. So truum vier og einnin ad Christum JEsum, uppad þad vier verdum Rettlaater fyrer Truna ad Christum, og ecke fyrer Verkinn Logmaalsins, Þvi fyrer Verkinn Logmaalsins verdur eckert holld rettferdugt. Siad Rom. 4, 28. Phil. 3, 8. 9. Eph. 2, 8. 10.

504. Er þad soddann ein Rettlatt Saal i einu Rettsælu Hiaalplegu asigkomulage og betra en adur?

Jad vissulega, Þvi hun er nu komenn i naanare Teingder vid þann þrieina Gud, sem byr i Hiartanu, so sem i sijnu egenn Mustere.

Hun

Hun er nu i Christo audgud med andlegre Blessan, þeim himneſku Giædunum, med ometanlegum Evangelii Tignargiædum, med Naadarennar og Sauluhialparennar rijkuglegum Audæfum og Fiarsiodum.

Psal. 32, 1.2. Sæler eru þeir hverium yfertrodslurnar eru fyrergefnar, þeir hverra Synder ad eru huldar. Sæll er sa madur hverium Drottinn tilreiknar ecke Syndena, i hvers Auda þad enginn Flærd er.

505. Hverjar eru þa slikar Evangelii Naadargiafur?

Þær eru, Christi rettlæte, Syndanna Fyrergefning, su sonarlega Utvalning, Guds Fodurlega Umsorgun, Erfda-Retturenn, Fridur vid Gud, þad Sonarlega Trunadar Traust, Sætur Smeckur Guds Elsku, Adgangur til Guds Naadar, Diorfung til ad bidia hann, Fullvissa um Naad Guds, um Bæn-heyrslu og Hialp i allre Neyd, sierdeiles um Kroptuga Guds Verndan fyrer ollum Ovinum Synelegum og Osynelegum, um Þoleunmæde hans vid vorn Veikleika, og ad hann vilie hlijfa oss Naadarsamlega i ollu, sem oss kann ad Hendum ad koma. Forsmeckur þess Eylijfa Lijfsens, Glede i Heilogum Anda, Stiornan, Upplijsing, Tilladan, og Kraptur þess sama Anda, Frelse fra Strasse og Yferradum Synda-

rennar, fræa Guds Reide, fræa Logmalsens Bolvan og Kugan, fræa Sathans, Helvijtes og Daudans Makt, fræa Verolldenne og vondre Samvitsku, og (vissum þad) ad aller Hluter, jafnvel þær bitrustu Pijsler, skule verda, Truudum ad godu; Ein lifande Von um Saaluhiaalpena, og kemur þar endelega ad epter su eylijfa, outsegianlega Glede, og Dijrd i Himninum, og s. f.

Eph. 1, 3. Blessadur se Gud og Fader vors Drottens JEsu Christi, sem oss hefur blessad med allskattadre andlegre Blessan i Himneskum Giædum fyrer Christum.

Eph. 3, 8. Mier hinum sijdarsta allra Heilagra er gefin þesse Naad, þad eg kunngiorda medal Heidenna Pioda þann orannsakanlega Rijkdom Christi.

Rom. 10, 15. Hversu fridsamer eru Feetur þeirra sem Fridenn boda, þeir ed boda hid Goda.

506. Smackar hver einn Rettlættur ætijd og eins miog þessar Naadargiafur?

Nei, sierdeiles i Sorg, Freistingum og Astrijdum: þar fyrer skal einn Truadur Madur leitast vid med framfor i Trunne, ad tilegna sier þær med stærstu Umhyggiu, vardveita þær med Otta og Fagnade, og fa þar af Lyst og Krapt, ad laata sier fara (vel) fram i þeirre daglegu Endurnijan, edur Helgan, sem filgest med Rettlætingunne.

Eph. 1, 16. 17. 18 19. Eg lxt ege af þacker ad

giora

giora fyrer ydur, og ad minnast ydar i minum Bæ-
num, þad GUD vors Drottins JEsu CHristi
dyrdarennar Fader, gefe ydur Visdomsens og
Openberingareñar Anda, til hans eginn Vidur-
kenningar, og uplijse Augu ydvars Skilnings,
þad þier meged vita, hvilijk ad sie su von, sem þier
erud tilkallader, og hver þar se Rijkdomur hans
dijrdarfullrar Arfleifdar, til hans Heilagra, og
hver þar se hin yfergnæfanlega Stærd hans
Kraptar vid oss, vier sem truum epter Verkan
hanns volluduga Stirkleiks. 2 Cor. 4, 3. 4.

507. Hvad er egennlega Endurnijungenn?

Hun er iduglega ad afklæda sig þeim gamla
Mañe, edur laata af Syndunum, og iklædast
aptur þeim nya Mañe, edur lata sier dagleg-a
framfara i þvi goda, so sem i Upplijsing og
Þeckingu GUds, i Tru, Von, kiærleika, Aud-
mykt, Hogvære, Þoleñmæde, Afneitan sialfs-
sin, Lysting til Bænrækues og GUds Ordz,
Krapte til ad standa ar mote Syndenne, og
keppast epter Helganenne, (og so framveges.)
Eph. 4. 22. So aslegged i fra ydur epter fyrre breit-
ne hin gamla Mañeñ, sem sig fordiarfar i Gyrndunu
Villudomsins, En endurnijed ydur i Anda ydvars
Hugskots, og klædest þeim nya Manne semepter GU-
de er skapadur i sannerlegu Rettlæte og Heilagleika.

508. Þvi kallast þessi Endurnijan dagleg?

Þvi hun er ege strax fullkomenn eins og
Rettlætingenn, helldur egum vier med dag-
legre Astundan ad ebla hana alla vora Lijf-
daga, og þar þeckest GUds Mind, Sinne

og Art meir og meir hiaa hans endurfæddu Bornum.

Phil. 3, 12. Ecke Pad eg hafe Pad Pegar hǫndlad, edur se Pegar fullkominn, eg skunda Par epter, hvert ad eg giæte einenn hǫndlad, epter Pvi ad eg em af CHristo hondladur.

509. Hver er saa sidarste Velgiǫrningur Heilags Anda vid Mannenn?

Pad er vidhallded, Pvi Paa hann hefur helgad oss med Endurfædingunne, Rettlætingunne, og Endurnijanenne, Paa vidhelldur hann oss og so i allskonar Freistingum, i sannre Tru, allt til Enda, ef vier ege follum fraa motviliuglega.

Phil. 1, 6. Sa sem i ydur hefur upbyriad hid goda verked, hann mun Pad og einnen fullkomna allt til Pess Dags JEsu CHristi. 1 Pet. 1, 5. Cap. 5, 10.

510. Hvernen vidhelldur Heilagur Ande Peim Truudu?

Med Pvi hann invortes sannfærer, edur avijtar, fræder, leider, og huggar Peirra Hiortu.

511. Hvad er Heilags Anda sannfæringar edur avijtunar Embætte?

Ad hann umvender Samvitskunne og lætur saart sinnast til allra einnenn Peirra minnstu Synda, soad madur audmijke sig.

Joh. 16, 8. Pa Talsmadurinn kemur, straffar hann Heiminn fyrer Synd, og fyrer Rettlæte, og fyrer Dom.

512. Hvad er upfræðingar Embætte Heilags Anda?

Ad

Að hann með Guds Orde, æ meir og meir opnar og uplyser Mansens Skilning, og stadfester Sannleikann i Hiartanu, að mote ollum Villudome.

1. Joh. 2, 20. 27. Þier hafed Smurningena af þeim sem Heilagur er, og þecked allt &c.

513. Hvad er leidrettingar Embætte Heil. Anda?

Að hann með sinne heimulegre Umvondun og Vidvorunum helldur Manne frae því, ad syndga, en upporvar, tilladar, og uphvetur hann til þess Goda.

Rom. 8, 14. Þeir sem Guds Ande leider, þeir eru Guds Børn.

Gal. 5, 16. Ganged i Andanum, þa munud þier ecke fullkomna Holdsens Gyrnder.

514. Hvad er Huggunar Embætte Heil. Anda?

Að hann sierdeiles að Freistingar tijmanum, og að Neidarennar tijma minner einn sann-Christenn að Guds Naadarrijka Hiaastod, gefur honum ad smacka Evangelii Huggunar Krapt, og vid-helldur honum so i Polenmædenne med lifande Von.

Rom. 15, 13. Guð vonarennar fylle ydur med ollum fagnade og Fride i Trunne, so ad þier hafed gnoalega von fyrer Krapt Heilags Anda.

Rom 8, 16. Sa same Ande ber Vitnisburd med vorum Anda, þad vier erum Guds Børn.

515. Þegar Guds Ande nu so helgar Mennena, og vidhelldur þeim, hvad kallast og eru þeir þa?

Heilager, edur heilagar Manneskiur.

Eph. 1, 1. Þeim Heilögum sem eru til Epheso, og Trúudum i Christo JEsu.

Psalm 86, 2. Vardveit þu Sal mina, þvíad eg em heilagur.

516. Hvar er þessa Heilaga ad finna?

Jþeirre Heilögu almennelegu Christelegu Kyrkiu.

517. Hvad stilst her fyrer Kyrkia?

Ecke eitt Hus sem er biggt af Tre og Steinum, helldur er su Kyrkia eitt Samneyte, Samband og Sameining Heilagra Manna i Andanum.

518. Eru soddan Kyrkiur edur Samneyte mörg til?

Ecke utan ein, sem er almenneleg, þad er ege bundenn vid nockurt vijst Plats, helldur er hun utdreifd um alla Verolldena, hvar hun er nu strijdande, en skal i Himnenum sigre hrosa.

519. Þvi kallast Kirkiann Christeleg?

Þvi hun vidurkenner Christi Lærdom, og hefur Christum skalfann fyrer sitt Hofud og Herra alleina.

520. Er þad þa ætijd sönn Christeleg Kyrkia, sem vidurkenner Christi Nafn, og kennir sig vid hann?

Nei, ecke utan hun kenne þar med Christi Ord ofalsad, og bruke þau heilögu Sacramenta epter hans Insetningu, og er þetta Kyrkjunnar Kenne-Teikn.

Joh.

Joh. 8, 31. 32. Ef þier bliufed vid mina Rædu, þa erud þier minir sannir Læreſveinar.

521. Verda þeir þa allir Sæluholpner sem lifa og deya i þeirre sønnu Kyrkiu?

Nei, ecke allir Limer þeirrar synelegu Kyrkiu, helldur alleina þeirrar osynelegu verda Sæluholpner.

Matth. 22, 14. Marger eru kallader, en faer utvalder.

522. Eg meinte ad ecke være nema einasta ein Kyrkia, hver er þa Mismunur millum þeirrar synelegu og osynelegu?

Hun er ege utan ein, en i þeim utvortis og synelega Hop eru tvennslags adskilianleger Limer, sem eru Hræsnararner, og þeir sann-Christnu.

523. Hverier eru Hræsnarar, og alleina utvortis Limer?

Þeir sem af einberre Medkenning hropa: Herra, Herra, en giora ecke Vilia Fodurens sem a Himnum er. Matth. 7, 21.

524. Hverier eru sann-Christner og Retteleger Kyrkiunnar Limer?

Þeir sem i Trunne giora Guds Vilia, so þeir hallda sier vid Drottenn, og eru einn Ande med honum. 1 Cor. 6, 17.

Rom. 8, 9. Hver hann hefur ege Christi Anda, sa er ege hans.

525. Kann madur ætijd ad þeckia þessa hina sijdare fra þeim fyrre?

Drottenn þecker ætijd sijna, en fyrer

Mannana Augum er sar Mismunur ecke ætijd openber, þar fyrer kallast Kyrkiann osyneleg, af þvi hennar Limer eru hulder midt i þeim stora útvortis Hop Hræsnarana.

526. Mega þeirsann-Christnu hafa Samfelag med Hræsnurunum?

Ecke i þeirra Vondsku, þvi Lioset hefur ege Samfelag vid Mirkred; ellegar Christur vid Belial, en i Kauphondlan, Erfide, og annarre soddann Naudsynlegre Umgengne geta þeir ecke komest hia þvi, þvi annars yrdu þeir ad ryma Heimenn. 1 Cor. 5, 10.

527. Hafa þa þeir sann-Christnu nockurt naukvæmt Samfelag sijn a mille Jnbyrdes?

Jaa vissulega, þvi þar þeir aller eru limer a einum lijkama, Greiner a einu Tre, og Born fædd af eins Fodur Sæde, þa hafa þeir brodurlegt Samfelag og Hlutdeild i Sorg og Glede, i andlegum Gaafum og Velgiorningum, i Bænum og Fyrerbeidslum so vel sem i Trunne, og von þeirrar eylifu arfleifdar.

Eph. 4, 3-6. Vered kostgiæfner ad halda eindrægne i Andanum fyrer Band Fridarens, einn Lijkame og einn Ande, so sem þier erud kallader uppa einavon ydrar kallanar, einn Drottinn, ein Trua, ein Skijrn, einn GUD og Fader vor allra, saa sem ad er yfer ydur ollum.

528. Getur Guds Kyrkia genged til grunna?

Su osynelega og almennelega Kyrkia forgengur ege, heldur verdur henne halded vid

af

af hennar hofde Christo, at mote ollum Helvijtanna Portum: þo lijdur Gud optl ga, ad Tyrannar og Villumenn eydelegge hana i vissum Stodum.

329. Hvad er nu epter i þridiu Greinenne?

Þrennt, sem er Syndanna Fyrergefning, Holdsens Uppriſa, og þad Eylijfa Lijf.

530. Hver fyrergefur Syndena?

Sialfur Gud, sem Syndenn er drijgd at mote.

Marc. 2, v. 7. Hver ma Syndernar fyrergefa nema Gud einn.

531. Hvad er ad fyrergefa Syndena?

Þad er ad afmaa og burttaka Syndarennar Sekt, alla, og Straff: So ad Syndarenn reikneſt so fyrer Rettlaatann, sem alldrege hefde hann syndgad.

2 Sam. 12, 13. Drottenn hefur J burtteked þijna Synd, þu skallt ecke deia.

532. Vill Gud vel at þann hafi fyrergefa Syndena?

Jaa, so opt sem nockur umvender sier og truer Evangelio, vill Gud fyrergefa honum Syndena af einskiærre Naad fyrer Christi Verdskulldan, hver ed med sijnu Blode at Krossenum hefur forlijkad allrar Veralldarennar Synder.

Eph. 1, 7. J hverium vier hofum endurlausnena fyrer hans Blod, sem er Syndanna Fyrergefning.

533. Hverium mønnum vill Gud fyrergefa Syndena?

Øllum sann-Idrande og Truudum Saalum, en ege þeim Idrunarlausu og Vantruudu.

Post. G. B. 2, 38. Giøred yferbot, og hver ydar einn laate skijra sig i Nafne JEsu Christi til Fyrergefningar Syndanna. Ezech. 18, 21. 22.

534. Hverjar, edur hvad margar Synder vill Gud fyrergefa?

Allar Synder, þær stærstu ásamt med þeim smærstu, þegar Syndarenn snijr sier ad eins af Hiarta.

1 Joh. 1, 7. Ef vier gaungum i Liosenu lika sem hann sialfur i Liosenu er, þa høfum vier Samfelag Inbyrdes, og Bloded JEsu Christi hans Sonar hreinsar oss af øllum Syndum.

535. Med hverju Medale veiter Gud mønnum Fyrergefning þeirra Synda?

Med sijnu heilaga Evangelio, hvert hann hefur gefed Magt og Mindugleika til sijnum þenurum ad predika her á Jordunne, i sinn Stad, fyrer øllum Idrande, til Syndanna Fyrergefningar.

Luc. 24, 47. Ad predika laata i sinu Nafne Idran, og Syndanna Fyrergefning á medal allra Þioda.

536. Hvert er þad Medal á Mannsens Sidu fyrer hvert vier øðlumst Syndanna Fyrergefning?

Eckert annad en Truenn, sem medtekur Christum, og i honum rettlæted, af einskiærre Nad.

Gb. Post.

Gb. Post. 13, 38. 39 Ydur bodast fyrer þennan Syndanna Fyrergefning, og af allu því, af hverju þier gatud ege Rettlæter Orded i Moysis Lögmale, en hver hann truer a Þennann sem er Rettlatur.

537. Þenar ecke þessi Lærdomar um Fyrergefning Syndanna til Andvaraleysis?

Marger ad sonnu misbruka hann þar til, og falla i því stærre Fordæming, en Guds Born uppvaxt vid þessa Nædd, til elskufulls Þacklætes, og en meire Guds Otta.

Psal. 130, 4. Jhia er Fyrergefningenn so ad menn ottest þig.

538. Hvad er lijkamans edur Holldsens Uprisa, sem þridia Greinenn höndlar um framveges?

Ad fyrer Guds Krapt samteingiast aptur a þeim efta Dege Lijkamer allra þeirra daudu Sælunum, sem þær biugu i adur, og upprijsa sumer til eylijfar Glede, sumer til eylijfrar Pijnu.

Joh. 5, 28. 29. Su Stund mun koma, a hverre, þad aller þeir sem i Gröfunum eru, skulu heyra hans Rödd, og þeir munu þa framganga sem Gott giordu til Lifsens Uprisu, en þeir sem Illa giordu til Domsens Uprisu.

539. Getur þetta Mögulega sked?

Ja, því Gude, sem af engu skapade Jordena, og þann fyrsta Mann af Jordunne, er engenn Hlutur omogulegur, Luc. 1, 37.

540. Er nandsynlegt ad trua uprisu þeirra Daudu?

Ja, fyrer saker Guds Rettlætes, sem hæde

bæde launar og straffar; þvi til þess horfer bæde von þeirra truudu, og skelfing þeirra ogudlegu.

1 Cor. 15, 13. 14. Ef Upprisa framlidenna er ecke, þa er Christur og ecke upprisenn, en ef ad Christur er ege upp aptur risenn, so er vor Predikan onyt, þa er og ydar Tru onyt.

541. Munu likamerner i uprisunne verda eins ad sig kommer og hafa sömu egenlegleika sem nu?

Nei, þeir munu þa hafa andlega egenn-legleika, og vera, odaudleger, oforgenge-ler, og hæfer til ad medtaka annadhvert Himneska Glede, edur Helvijtes Pijsler ey-ljjslegana.

1 Cor. 15, 42. 43. 44. Þad verdur sad natturlegur Lijkame, en mun upp aptur risa andlegur Lijkame.

542. Hvert fara þa þeir uprisnu lijkamer bedan med Salunum?

Epter þad bued er ad hallda Domenn, fara þeir fordæmdu i eylijsann Helvijtes Eld, Kvaler og Pijnu, en þeir útvolldu i þad Himneska eylijsa og Sæla Lijf. Matth. 25, 34. Cap. 41, 46.

543. Hvad er þad Eylijfa Lijf?

Eitt fullkomed Saimqvæme med Gude, þar sem þeir Sauluholpnu, ar Sælu og Lijkama fullkomlega frijader fra Syndenne og ollu Illu, njota vendanlegs og ovmrædelegs Fagnadar, Fridar, Glede, og Vegsem-

dar,

dar, og lofa Gud med ollum Utvolldum Englum oaflatanlega. Psal. 17, 15. 1 Cor. 13, 12. 1 Thess. 4, 17. Rom. 2, 6. 7.

544. Hvad er sa eylijfe Daude?

Ein skammarleg og angistarfull Utskufun fra Sælu Guds, en, i hennar Stad, gnijstande og brennande Elds og Ormá Kvol, a Sælu og Lijkama.

Matth. 25, 41. Farid burt fra mier thier Bolvader i Eijlifann Eld, thann sem Fyrerbuinn er fiandanum og hans Arum.

545. Hverier komast i Helvijtes eylijfann Dauda og Pijnu?

Aller thair sem lifad hafa i Syndunum af aasettu raade, og eru i Jdrunarleyse, Vantru, Andvaraleyse, og raungre ætlan um Guds Naad, burtdauder, og thair kallast eylijflega utskufader fra Gude.

546. Hvad er thesse Utskufun?

Ad sa alvijse Gud, hefur, ecke af nockru fortakslausu aasettu Raade, heldur vegna Mannanna egenn thverudasamrar thverskollunar, til ætlad ad utskufa theim, og fordæma tha alla, sem hann hefur fra eylijfd fyrersed, ad hans Naad villdu stifeldlega ecke sinna og forakta, og blijfa i theirra Jdrunarleyse og Vantru.

Joh. 3, 18. Hver a hann truer dæmest ege, en hver hann truer ege, hann er nu Pegar Dæmdur, thviad hann trude ege a Nafn eingetens Guds Sonar.

547. Hver

547. Hverier verda bluttakande i Glede og Sælu þess eylifa Lifs?

Aller þeir sem sannarlega hafa truad á Christum, lifad Christelega, og staded i þvi stoduger allt til Enda; og þeir kallast Utvallder.

548. Hvad er Utvalningen?

Ad Gud hefur til ætlad alla þá til eylifs Lifs sem hann hefur fra eylifo fyrer-sed ad mundu Vilia medtaka þá frambodnu Nád, trua á Christum, og i þeirre Tru stoduger standa til Enda.

Rom. 8, 28. 30. Vier vitum, ad þeim, sem Gud elska, þena aller Hluter til sins besta, þeim sem epter fyrerbyggiunne kallader eru, þviad hveria hann hefur adur fyrerbugada, þá hefur hann og tilskickad, þvi þeir stylldu Verda samlikier hans Sonar Juiud, so ad hann sialfur se Frumgetuingur á medal margra Brædra. En hveria hann hefur fyrerbugada, þá hefur hann og kallad en hveria hann hefur kallad þá hefur hann og Rettlaata giort, en hveria hann hefur Rettlætta, þá hefur hann og dijrdarlega giort.

Sú þridie Partur

(Hvernen einn Hussfader og Hussmoder skal einfalldlega undervijsa sinu Heimelesfolke.)

Um Bænena.

Drottennleg Bæn.

Fader vor, þu sem ert á Himnum!

Helgest

